



Eldvarnarátak Landssambands slökkviliðs- og sjúkralutningamanna hófst í gær. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra var viðstödd opnun átaksins þar sem hún fræddi átta ára nemendur í Kópavogsskóla um eldvarnir heimilisins. Katrín tók þátt í rýmingaráæfingu í skólanum og slökkti eld með slökkvitæki undir handleiðslu slökkviliðsmanns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Útivistardóms krafist á Løvland í LA

Lögmaður Jóhanns Helgasonar krefst þess nú að kveðinn verði upp útivistardómur yfir höfundum laga og texta You Raise Me Up þar sem þeir hafi í engu sinnt stefnum í málinu um löginn You Raise Me Up og Söknuð. Jóhann er vongóður um næstu skref í málinu.

DÓMSMÁL Hvorki Rolf Løvland né textasmiðurinn Brendan Graham hafa brugðist við stefnu Jóhanns Helgasonar fyrir dómstóli í Los Angeles vegna meints lagastuldar. Lögmaður Jóhanns krefst þess að dæmd verði útivist í málinu.

Með útivistardómi myndi meðferð málsins halda áfram án þess að fyrir liggi vörn af hálfu Løvlands og Grahams. Jóhann Helgason segir það koma sér dálítið á óvart að Løvland

hafi ekki brugðist við stefnunni. Það sé varla vegna kostnaðar.

„Maður hefði haldið að hann væri ekki uppiskroppa fjárhagslega,“ segir Jóhann og vísar þá til þess að You Raise Me Up hefur verið sagt eitt tekjuhæsta lag allra tíma. Lagið telur Jóhann vera stuld á lagin Söknuði.

Minnt er á í kröfu lögmanns Jóhanns að eftir að Løvland hafi í tvígang neitað að taka við stefnu í málinu hafi honum loks verið stefnt



Maður hefði haldið að hann væri ekki uppiskroppa fjárhagslega.

Jóhann Helgason



í samræmi við Haag-sáttmálann 21. ágúst síðastliðinn, Graham hafi verið stefnt 8. apríl. Þeim báðum hafi því verið löglega stefnt.

„Ég tel að það sé af ásetningu að þeir hafa hvorki svarað né brugðist á annan hátt við stefnunni,“ segir í kröfunni.

Þótt orðið verði við kröfunni um útivistardóm mun málarekstur Jóhanns gegn tónlistarfyrirtæki-um vestra halda áfram enda hafa

lögmennt þeirra látið til sín taka. Búið er við því að dómariinn í Los Angeles úrskurði um kröfu þeirra um að máli Jóhanns verði vísað frá 6. desember næstkomandi.

„Ef maður tekur allt með í reikninginn; forsöguna, greinargerðir og tónlistarmót, þá kæmi mér á óvart ef dómariinn samþykkti þeirra málstað. En það er þessi prósentá sem viðkemur dómariinum sem er alltaf óvissuþáttur,“ segir Jóhann. –gar

Stíft fundað

KJARAMÁL Samninganefndir Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins funduðu í gær um gerð kjarasamninga. Þegar blaðið fór í prentun sátu samninganefndir enn við í Karphúsinu og reynt var til þrautar að ná saman. Búið var við því að fundað yrði fram á kvöldið og jafnvel nóttina.



Hjálmar Jónsson, formaður BÍ.

Að óbreyttu hefst þriðja verkfall blaðamanna og ljósmyndara stærstu vefmiðlanna í dag klukkan 10 og stendur yfir í 12 tíma. Ef ekki næst að semja í næstu viku fara blaðamenn á prentmiðlum Fréttablaðsins og Morgunblaðsins í verkfall fimmtudaginn 28. nóvember. –khg

Dregið í umspil

FÓTBOLTI Í dag verður dregið í umspil um fjögur laus sæti í lokakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu karla. Ísland er í potti A og fyrst verður dregið um það hvort Ísland mæti Rúmeníu eða Ungverjalandi í undanúrslitum umspilsins. Það lið sem ekki mætir Íslandi í undanúrslitum er því næst mögulegur andstæðingur Íslendinga í úrslitaleikriðilsins um laus sæti í lokakeppninni ásamt Búlgaríu og Ísrael. –hó / sjá síðu 14



Vaxtalaus afbörgun af ÖLLUM ÚRUM OG SKARTGRIPUM



MICHELSEN 1909

Hafnartorg - michelsen.is

Súpertilboð!

42% Afsláttur


Danpo Kjúklingalundur, frosnar 700 gr.

980

Kr. Verð áður 1689 kr.

Iceland

Veður



Suðaustlæg átt, 3-10 m/s og víða skúrir í dag, en þurr að mestu NA til. Hiti 0 til 8 stig að deginum, hlýjast syðst. **SJÁ SÍÐU 20**



Skýrslan biður nú kynningar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Birting skýrslu gæti dregist vegna verkfalls

SAMGÖNGUMÁL Skýrsla starfshóps um flugvallakosti á suðvesturhorninu var kynnt í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis í gær. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi, skipaði starfshópinn á síðasta ári.

Formaður starfshópsins er Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður SA. Verkefni hans var að skoða nánar hugmyndir um nýjan alþjóðaflugvöll í Hvassahrauni og skoða staðsetningu innanlandsflugvallar á höfuðborgarsvæðinu.

RÚV greindi frá því í gær að meðal niðurstaða skýrslunnar væri að það tæki allt að 20 ár að byggja flugvöll í Hvassahrauni eftir að ákvörðun um slíkt lægi fyrir.

Þá myndi kostnaður við flugvöll í Hvassahrauni sem bæði sinnti millilanda- og innanlandsflugi verða að minnsta kosti 300 milljarðar króna. Verðmiði á innanlandsflugvelli í Hvassahrauni yrði hins vegar um 40 milljarðar.

Samkvæmt frétt RÚV telur starfshópurinn ekki vænlegt að endurnýja Reykjavíkflugvöll. Slíkt myndi kosta 15-20 milljarða en lengja þyrfti flugbrautir yfir Suðurgötu og út í Fossvoginn.

Flutningur innanlandsflugs til Keflavíkur myndi samkvæmt skýrslunni kosta um 44 milljarða.

Til stóð að kynna skýrsluna í dag en vegna óvissu um verkfall blaðamanna á vefmiðlum voru líkur taldar á því að það myndi dragast fram á mánudag. – sar

Fimir fætur



Dansarar Hátiðarballetts Sankti Pétursborgar æfðu Svanavatnið í Hörpu en sýningar á hinu sígilda verk Pjotr Tsjaikovski hófust í gærkvöldi. Svanavatnið var frumflutt í Bolshoi-leikhúsinu í Moskvu árið 1877. Ballettinn segir af prinsessunni Odette sem illur galdramaður breytir í svan og prinsinum Siegfried sem finnur hana. Vitaskuld verða þau ástfangin en galdramaðurinn leggur stein í götu þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Rúmlega sjö þúsund manns atvinnulaus

VINNUMARKAÐUR Atvinnuleysi á þriðja ársfjórðungi var að jafnaði 3,5 prósent sem þýðir að 7.200 manns töldust án atvinnu. Jókst atvinnuleysi um 1,3 prósentustig frá árinu áður. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hagstofnunni.

3,5%

var atvinnuleysi að jafnaði á þriðja ársfjórðungi.

Atvinnuþátttaka fólks á aldrinum 16-74 ára var að jafnaði 80,8 prósent sem jafngildir tæplega 209 þúsund manns.

Meðalfjöldi vinnustunda í viku var 40,8 klukkustundir. Ef aðeins er litið til þeirra sem voru í fullu starfi var meðaltalið hins vegar 45,2 stundir á viku. – sar

Þingmaður og læknir vann kótilettukappát

Ólafur Þór Gunnarsson þingmaður var sá eini sem náði að klára skammtinn sinn í kótilettukappáti sem haldið var á Hrafnistu. Ólafur, sem er læknir, segir óhætt að taka þátt einu sinni á ári en að þetta sé alls ekki hollt til lengdar.

SAMFÉLAG Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstri grænna, varði titil sinn í kótilettukappáti á dvalarheimilinu Hrafnistu þar sem blásið var til kótilettuveislu á afmæli Sjómannadagsráðs. Hafði hann algera yfirburði yfir aðra keppendur, og sá eini sem náði að klára 1.200 gramma skammt á fimm mínútum.

Ólafur var saddur og sæll þegar Fréttablaðið náði tali af honum eftir sigurinn og vottaði ekki fyrir magaverk. „Mér líður ljómandi vel, en ég þarf líklega ekki að borða fyrir en einhvern tímann á morgun,“ segir hann. „Mér finnst lambakjöt vodafone gott, hvort það eru kótilettur sem slíkar skiptir ekki öllu máli.“

Á meðal keppinauta Ólafs voru kollegar hans á þingi, Sjálfstæðismennirnir Ásmundur Friðriksson og Vilhjálmur Arnason. Burðugir að vöxtum en áttu aldrei möguleika í Ólaf. Íþróttafréttamaðurinn skeleggi Hörður Magnússon lýsti viðburðinum með miklum tilþrifum.

Ljóst er að Ólafur hefur meðfæddan hæfileika til kappáts, en áhorfendur fylgdust með honum naga leturnar inn að beini með lítilli fyrirhöfn. Hefur hann aðeins tvisvar tekið þátt í kappáti um ævina, kótilettuveislunni í ár og í fyrra, þegar hann lagði meðal annars Hjalta Úrsus að velli. Ólafur vill lítið gefa upp um hver sé lykkillinn að sigri. „Ætli það sé ekki bara að mæta og hafa gaman af þessu,“ segir hann og glottir við tönn.

Ólafur segist hafa haft gaman af þessum keppnum á Hrafnistu en að það sé ekkert sérstakt kappmál hjá sér að vinna. „Á næsta ári hljóta þeir að geta fundið einhvern



Ólafur var vel að fyrsta sætinu kominn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

● ● Mér finnst lambakjöt vodafone gott.

Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstri grænna

annan en mig til að keppa,“ segir hann. Ólafi verður þó varla kápan úr því klæðinu, því að hann hefur sett viðmiðið hátt. Má því ætla að fleiri vilji fá að reyna sig við hann.

Út frá lýðheilsusjónarmiðum kemur nokkuð á óvart að Ólafur skuli hafa tekið þátt en eins og margir vita er hann öldrunarlæknir að mennt. „Þetta er alls ekki hollt til lengdar,“ segir hann. „Sennilega er óhætt að gera þetta einu sinni á ári, en alls ekki á hverjum degi.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flísum

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s. 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

F Ý K U R
Y F I R
H Æ Ð I R



GEYSIR

HAUST / VETUR 2019

Sameiginlegir hagsmunir með borginni gerðu RÚV gjaldfært

STJÓRNSÝSLA Sameiginlegir hagsmunir Ríkisútvarpsins og Reykjavíkurborgar urðu til þess að byggt var íbúðarhúsnæði á lóðum í kringum Útvarpshúsið í Efstaleiti. Með samningnum við Reykjavíkurborg varð RÚV sér úti um 1,5 milljarða króna sem afstýrði því að stofnunin yrði ógjaldfær.

Fram kemur í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar að heildarsöluverðmæti byggingaréttarins hafi numið

nærri tveimur milljörðum króna. Kostaði það RÚV 495 milljónir til að gera lóðina söluhæfa.

Í skýrslunni segir að það sé athyglisvert að Reykjavíkurborg geri ekki kröfu um þátttöku RÚV í stofnkostnaði innviða, en það er sérstaklega tekið fram í samningnum. Framkvæmdaraðili á lóðinni greiddi borginni alls 523 milljónir króna í gatnagerðargjöld.

Lóðin sem um ræðir er 5,9 hekt-



Framkvæmdir hófust í nóvember 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

arar, sem er nokkru stærra en Útvarpshúsið að flatarmáli.

Upphaf málsins má rekja til erindis sem borgin sendi á ríkisstjórnina árið 2013 um ríkislóðir til að byggja á. Lóðin í kringum Útvarpshúsið var sú fyrsta sem samningar náðust um. Fram kemur í svari borgarinnar við fyrirsprungu Fréttablaðsins að Ríkisútvarpið ohf. hafi verið skráður eigandi lóðarinnar í heild sinni. Reykjavíkurborg

átti ekki rétt á að afturkalla lóðina vegna ákvæða í samningi frá 1995, sem var breytt útgáfa samnings frá 1990 sem kvað á um að borgin fengi lóðina aftur árið 2040.

Það hafi verið sameiginlegir hagsmunir beggja að vinna nýtt skipulag og fjölga íbúðum á svæðinu. Reykjavíkurborg fékk land til að þetta byggð á, 20 prósent af byggingaréttinum og rétt til byggingar félagslegra íbúa. – ab



Sigurður Ingi Þórðarson var framkvæmdastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Flugvallarmáli frestað í bili

DÓMSMÁL Riftunarmál þrotabús ACE Handling ehf. gegn eignarhaldsfélögunum ACE FBO, Global Fuel Iceland og Bjargfasti var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni. Samkvæmt Sveini Andra Sveinssyni, lögmanni þrotabúsins, var ákveðið að fresta málinu um tíma og reyna sættir.

Félögin voru öll í eigu Hilmar Ágústssonar, flug- og athafnamanns sem búsettur var í Sviss, en nafn hans kom við sögu þegar Panamaskjöldin voru opinberuð. Sumarið 2018 fjallaði DV ítarlega um starfsemi í Skýli 1 á Reykjavíkurflugvelli þar sem félögin höfðu aðsetur.

Áður en ACE Handling ehf. varð gjaldþrota var Sigurður Ingi Þórðarson, betur þekktur sem Siggí hakkari, skráður stjórnarformaður og framkvæmdastjóri. En hann hefur hlotið dóma fyrir kynferðisbrot, eins og hinn skráði stjórnarmadurinn, Robert Tomasz Czarny. Báðir höfðu þeir aðgang að haftasvæðum.

Í Skýli 1 á Reykjavíkurflugvelli hafði einnig trúfélagið Postulakirkjan aðstöðu, en Dan Sommer, prestur kirkjunnar, var lífvörður Sigurðar þegar hann kom fyrir allsherjarnefnd Alþingis árið 2013 vegna Wikileaks-málsins. Greint var frá því að í Skýli 1 hefði verið búið að koma fyrir kapellu og þar færu meðal annars fram skírnir.

– khg

Mývetningar vonsviknir með stöðuna á Neyðarlínuvirkjun

Forsætisráðuneytið hefur nú líkt og Skútustaðahreppur afturkallað leyfi Neyðarlínunnar fyrir rafstöð í Þjóðlendunni í Drekgili vegna þess að framkvæmdin er umfangsmeiri en leyft var. Neyðarlínan hefur hvorki svarað ráðuneytinu né hreppnum. Framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar tjáir sig ekki um málið.

SKIPULAGSMÁL „Þetta er allt hið leiðinlegasta mál því í raun er þetta jákvætt verkefni en það verður að vinnast lögum samkvæmt,“ segir Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, um afturköllun leyfa til Neyðarlínunnar til að byggja rafstöð í Drekgili við Öskju.

Drekgil er í Þjóðlendu og því þurfti Neyðarlínan leyfi frá bæði forsætisráðuneytinu og Skútustaðahreppi fyrir virkjun þar. Virkjunin á að framleiða rafmagn fyrir fjarskiptamastur Neyðarlínunnar á Vaðöldu og fyrir ferðaþjónustu Vatnajökulsþjóðgarðs og Ferðafélag Akureyrar.

Eftir að í ljós kom í haust að stíflumannvirki Neyðarlínunnar var sjöfalt lengra en leyft var afturkallaði Skútustaðahreppur fyrir sitt leyti framkvæmdaleyfið. Forsætisráðuneytið hefur nú gert slíkt hið sama eftir að frestur sem Neyðarlínan fékk til að gera athugasemdir rann út án þess að svar bærist.

„Staðan er sú að það hafa engin viðbrögð heldur borist frá Neyðarlínunni til sveitarfélagsins, þrátt fyrir beiðni þar um,“ segir Þorsteinn. Eftir að Skútustaðahreppur afturkallaði leyfið hafi Neyðarlínan verið beðin um ný og uppfærð gögn.

„Því það er ljóst að þessi framkvæmd er hvorki í samræmi við deiliskipulag né framkvæmdaleyfi en það hafa engin gögn eða viðbrögð borist frá þeim,“ segir hann. Erfitt sé að segja hvernig túlka eigi það. „Þetta veldur okkur bara vonbrigðum.“

Aðspurður hvað gerist bregðist



Frá stífluframkvæmdum Neyðarlínunnar við Drekgil sem nú hafa verið stöðvaðar.

Staðan er sú að það hafa engin viðbrögð heldur borist frá Neyðarlínunni til sveitarfélagsins, þrátt fyrir beiðni þar um.

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps



Neyðarlínan ekki við segir Þorsteinn sveitarfélagið geta farið fram á að Neyðarlínan fjarlægji mannvirkin. Ef það verði ekki gert geti sveitarfélagið gert það á kostnað Neyðarlínunnar. „En ég vona svo sannarlega að til þess komi ekki,“ segir sveitarstjórinn.

Forsætisráðuneytið hefur nú gert Neyðarlínunni að leggja fram uppfærð gögn og nákvæma framkvæmdaáætlun og að sækja um nýtt leyfi frá ráðuneytinu eftir að Skútustaðahreppur hefur veitt fyrirtækinu sitt leyfi.

Fram kom í Fréttablaðinu 11.

október að Skútustaðahreppur hefði kvartað sérstaklega undan framkomu framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar við fulltrúa sveitarfélagsins og að stjórn Neyðarlínunnar hefði í kjölfarið harmað „þá hnökra sem urðu á framkvæmd þessa þjóðþrífaverks og þá sérstaklega þá sem sneru að samskiptum við sveitarfélagið“, eins og sagði í bréfi stjórnar Neyðarlínunnar.

Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, segist ekkert vilja tjá sig um stöðu mála varðandi framkvæmdirnar í Drekgili. gar@frettabladid.is



FORLAGIÐ
www.forlagid.is



Forlagið og Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka auglýsa eftir handriti að skáldsögu fyrir unglunga til að keppa um Íslensku barnabókaverðlaunin 2020.

Skilafrestur er til og með 10. janúar.
Allar upplýsingar á www.forlagid.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



VETRARLEIKAR

Hátíðar- og sölusýning á morgun kl. 12-16 hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi. Við kynnum glæsilegar útfærslur á Hilux, Land Cruiser og RAV4. Rjúkandi hátíðarkaffi og með-því í boði.

10 Hilux Invincible með 10% afslætti. Í salarkynnum Toyota í Kaupþúni verða tíu völdugir Hilux Invincible til sýnis með 10% afslætti ofan á Invincible aukahlutapakka!

Vetrardekk frá Kletti fylgja öllum nýjum AYGO, Yaris, Corolla, Camry Hybrid, Toyota C-HR og Prius.

Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420-6610

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480-8000

Birt með fyrirvara um villur.

DOMINO'S DEILDIN



DOMINO'S DEILD KVENNA
Í KVÖLD 17:50



DOMINO'S DEILD KARLA
Í KVÖLD 20:10



**DOMINO'S
KÖRFUBOLTAKVÖLD**
Í KVÖLD 22:10

SPORT

Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817

KAUPTU STAKAN LEIK: **vodafone Síminn**



Jón Steindór segir sáttameðferð við skilnað getta oft verið tilgangslausa nauðung. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

Vilja einfalda ferli hjónaskilnaðar fyrir þolendur ofbeldis

Átta þingmenn fjögurra flokka hafa lagt fram þingsályktunartillögu um að einfalda og hraða meðferð hjónaskilnaða. Tillagan er í þágu þolenda heimilisofbeldis því í mörgum tilfellum heldur ofbeldið áfram í skilnaðarferlinu sjálfu. Er meðal annars farið fram á að skylda til sáttumleitana verði afnumin.

STJÓRN MÁL Átta þingmenn Viðreisnar, Samfylkingar, Pirata og Vinstri grænna hafa lagt fram þingsályktunartillögu um hraðari málsmeðferð hjónaskilnaða og bættá réttarstöðu þolenda heimilisofbeldis.

Í vikunni gaf Þjóðskrá út tölur yfir hjónavígslur og skilnaði á árinu. Vígslurnar voru alls 3.150 og skilnaðir 1.099, eða um 35 prósent. Ofbeldi í samböndum er algeng ástæða fyrir skilnaði. Í rannsókn frá árinu 2008 kom í ljós að 20 prósent kvenna sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka á lífsleiðinni.

Jón Steindór Valdimarsson, fyrsti flutningsmaður tillögunnar, segir að núverandi hjúskaparlöggjöf sé tafsöm og ekki til þess fallin að hjálpa þolendum. Í tillögunni eru nefnd nokkur atriði sem þyrfti að kanna og breyta. Þá vanti einnig mannafla til að mál af þessu tagi geti gengið hraðar fyrir sig í kerfinu. Jón Steindór hefur áður lagt fram frumvarp um bætt réttindi fyrir þolendur við hjónaskilnað.

„Nú virkar kerfið þannig að sá

sem beitir ofbeldinu þarf að játa það, jafnvel þó að hann hafi hlotið dóm,“ segir hann og telur að ferlið sjálf geti verið kúgunartæki. „Þegar um er að ræða ofbeldissambönd, líkamleg eða andleg, þá hættir ofbeldið ekki þegar þolandi reynir að losna undan því með skilnaði. Gerendur halda tökunum á þolanda með því að teffa og nýta alla möguleika til þess.“

Skilyrði um sáttumleitunir eru nú í lögum en Jón Steindór telur að báðir aðilar verði að vera sammála um að reyna þær leiðir. Nauðung sé fyrir þolendur að taka þátt í þessu og oft tilgangslaut. Sáttameðferð og sáttavottorð eru annaðhvort gefin út af trúfélögum eða sýslumönnum.

Árið 2011 undirritaði Ísland Ístanbúlsáttmála Evrópuráðsins um forvarnir gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi og var hann fullgiltur á síðasta ári. Í honum er bann lagt við skyldubundinni málsmeðferð, svo sem sáttameðferðum.

Í þingsályktunartillögu þingmannanna átta er einnig lagt til að

Nú virkar kerfið þannig að sá sem beitir ofbeldinu þarf að játa það, jafnvel þó að hann hafi hlotið dóm.

Jón Steindór Valdimarsson,
þingmaður Viðreisnar

gjafsóknarskilyrði verði rýmkuð. Samkvæmt Jóni Steindóri er það vegna þess að fólk sem stendur í skilnaði sé í millibilsástandi og oft ekki aflögufært. Sérstaklega á þetta við um þolendur heimilisofbeldis, sem séu í mörgum tilvikum konur sem eiga engan annan kost en að flýja í Kvennaathvarfið.

„Grunnhugsunin er sú að fólk gangi í hjónaband af fúsum og frjálsum vilja og effólk vill slita hjúskap á að leggja sem fæsta steina í þá götu,“ segir hann og segist jafnframt eiga von á breiðum stuðningi í þinginu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Samkomulag um styttingu vinnuviku

KJARAMÁL BSRB hefur náð samkomulagi við alla viðsemjendur sína, það er ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga, um útfærslu styttingu vinnuvikunnar hjá dagvinnufólki.

Í tilkynningu frá BSRB kemur fram að vegna trúnaðar í kjaraviðræðunum sé ekki á þessari stundu hægt að greina nánar frá útfærslunni.

„Sú útfærsla sem sátt hefur náðst um varðandi styttingu vinnutíma dagvinnufólks hefur verið samþykkt með fyrirvara um að bandalagið nái ásættanlegri niðurstöðu í öðrum málum sem eftir er að leysa úr í kjaraviðræðunum,“ er haft eftir Sonju Ýr Þorbergsdóttur, formanni BSRB.



Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Sonja segir að það sé skýr krafa að lengra verði gengið í styttingu vinnuviku hjá vaktavinnufólki. Verkefnið fram undan sé að útfæra þá styttingu.

Í stefnu BSRB sem samþykkt var

á þingi sambandsins í október á síðasta ári segir að lögfesta þurfi styttingu vinnuvikunnar í 35 stundir án kjaraskerðingar. Þá verði vinnuvika vaktavinnufólks 80 prósent af vinnuviku dagvinnufólks. – sar

„ALGJÖRLEGA MÖGNUM!“

- Ragnheiður Halldórsdóttir, Rás 1 -

TILBOÐSVERÐ:

4.499.-

Verð:
6.999.-



Innflytjandinn

Innflytjandinn eftir Ólaf Jóhann Ólafsson er mögnuð skáldsaga um vegi ástarinnar og óblíð örlög, vonir manna og vonbrigði. Stórbrotin saga sem sleppir ekki lesandanum.



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er til og með 24. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Rivlin reyndi að höfða til samvisku þingmanna. NORDICPHOTOS/GETTY

Fól þinginu að mynda nýja stjórn

ÍSRAEL Benny Gantz, leiðtoga Bláa og hvíta bandalagsins, tókst ekki að mynda nýja ríkisstjórn í Ísrael frekar en Benjamin Netanyahu, leiðtoga Likudflokksins. Ísraelsk stjórnmal halda því áfram að vera í algerum hnút.

„Frá og með deginum í dag og í 21 dag til viðbótar mun ég veita þjóðþinginu, Knesset, frest til þess að mynda nýja ríkisstjórn,“ sagði Reuvin Rivlin, forseti landsins, í gær. Ef ekki tekst að mynda stjórn fyrir 12. desember mun hann því boða til enn einna kosninga, snemma á næsta ári. Þegar hefur verið kosið tvisvar til þings á þessu ári, í apríl og september. Röðuðust sætin þannig upp að illmögulegt var að mynda 61 manns meirihluta sem til þarf.

●● Pólitísk örlög ykkar eru ekki jafn mikilvæg og örlög gamallar konu á spítala.

Reuvin Rivlin forseti Ísrael

Er þetta í fyrsta skipti í sögu landsins sem forseti biður þingið sjálf um að mynda stjórn. „Pólitísk örlög ykkar eru ekki jafn mikilvæg og örlög gamallar konu á spítala,“ sagði Rivlin og reyndi að höfða til ábyrgðar þingsins.

Gantz og Netanyahu, sem fengu nánast sama fylgið í kosningunum, hafa báðir sagt að þeir muni halda viðræðum áfram næstu vikur. Helsti ásteytingarsteinninn er forsætisráðherraembættið sjálf, en til tals hefur komið að þeir skiptist á. Báðir vilja hins vegar hefja kjörtímabilið sem forsætisráðherra. – kfh

Corbyn kynnrir róttækustu stefnuskrá flokksins í langan tíma

BRETLAND Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, kynnti stefnuskrá fyrir þingkosningarnar sem fram fara þann 12. desember. Er hún sögð mjög róttæk, jafnvel róttækari en stefnuskráin frá 2017.

„Þessi stefnuskrá inniheldur mál sem fólkið vill en stjórnmalakerfið hefur komið í veg fyrir í áratugi,“ sagði Corbyn vigreifur á fundi í Birmingham-háskóla. Stefnuskráin ber heitið „Það er kominn tími á

raunverulegar breytingar“.

Eins og við var að búast er gert ráð fyrir stórauknum fjárútlátum hins opinbera til ýmissa málaflokka, svo sem heilbrigðis- og skólakerfisins. Byggja á upp innviði og hækka laun opinberra starfsmanna um 5 prósent.

Þá er gert ráð fyrir þjóðnýtingu á ýmsum sviðum, svo sem í samgöngum, póstkerfinu og fráveitukerfum. Síma- og netfyrirtæki yrðu þjóðnýtt

●● Þessi stefnuskrá inniheldur mál sem fólkið vill en stjórnmalakerfið hefur komið í veg fyrir í áratugi.

Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins

og það tryggt að allir Bretar hefðu aðgang að netinu.

Til að fjármagna útgjöldin hyggst Corbyn skattleggja hina ríku, sem hafa 80 þúsund pund í tekjur á ári, eða tæplega 13 milljónir króna. Myndu því 95 prósent Breta ekki finna fyrir aukinni skattheimtu. Þá verða skattar hækkaðir verulega á fyrirtæki, sérstaklega mengandi stóriðnað, svo sem olíu- og gasfyrirtæki, vegna loftslagsvárisinnar. – kfh

Pípuhattur Hitlers boðinn upp

Hundruð þúsunda evra söfnuðust í uppboði á eigum Adolfs Hitler og annarra nasistaleiðtoga. Uppboðinu hafði verið harðlega mótmælt þar sem munirnir yrðu hugsanlega notaðir til að upphefja nasismann.

ÞÝSKALAND Pípuhattur Adolfs Hitler, með upphafsstöfunum A.H., var á meðal þeirra muna sem boðnir voru upp hjá uppboðsfyrirtækinu Hermann Historica í München á miðvikudag. Var hatturinn sleginn á 50 þúsund evrur, eða tæpar 7 milljónir króna. Leigusamningur Hitlers, frá þeim tíma þegar hann bjó í München, var einnig boðinn upp.

Dýrasti hluturinn var hins vegar silfurslegin útgáfa af Mein Kampf, bókinni sem Hitler gaf út árið 1925, með merki arnarins og hakakrossinum á. Bókin, sem eitt sinn var í eigu Hermanns Göring yfirmanns þýska flughersins, seldist á 130 þúsund evrur, eða tæpar 18 milljónir króna.

Margir fleiri hlutir úr eigu hátt settra nasista voru boðnir upp, svo sem Heinrichs Himmler, leiðtoga SS-sveitanna, og Rudolfs Hess varakanslara. Einn af þeim munum sem vöktu hvað mesta eftirtekt var kvöldverðarkjöll Evu Braun, sambyliskonu Hitlers, sem bandarískir hermenn fundu árið 1945 í Salzburg.

Ekki voru aðeins boðnir upp munir frá þriðja ríkinu heldur mörgum mismunandi tímabilum í mannkynssögunni. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Hermann Historica býður upp muni úr eigu nasistaforingja. Fyrir þremur árum voru buxur af Hitler boðnar þar upp.

Bernhard Pacher, framkvæmdastjóri Hermann Historica, sagði að uppboðsfyrirtækið hefði fengið ótal tölvupósta vegna uppboðsins og að langflestir hefðu gagnrýnt það harðlega. „Við fengum samt



Rabbininn Menachem Margolin segir uppboð nasistamuna löglegt en siðlaust. FRÉTTABLAÐID/ EPA

●● Það sem þið eruð að gera er ekki löglegt, en það er rangt

Menachem Margolin leiðtogi Samtaka evrópskra gyðinga

einn vinalegan póst frá manneskju sem sagðist styðja uppboðið. Þetta væru sögulegir munir,“ sagði Pacher. „99 prósent af tölvupóstunum voru

neikvæð og innihéldu miklar svirðingar. Til dæmis að við værum aðeins gráðugir nýnasistar.“

Menachem Margolin, rabbíni og leiðtogi Samtaka evrópskra gyðinga, er einn af þeim sem hafa harðlega gagnrýnt uppboðið og hvatti hann Hermann Historica til að hætta við það. Óvist væri í hvaða höndum munirnir myndu enda og hætt við því að þeir yrðu notaðir til þess að upphefja nasismann. „Það sem þið eruð að gera er ekki ólöglegt, en það

er rangt,“ sagði Margolin. „Ég biðla ekki til ykkar af lagalegum ástæðum heldur siðferðilegum.“

Samkvæmt Pacher eru flestir munir á slíkum uppboðum seldir til safna. Í Bandaríkjunum og Asíu hafa mörg söfn úr miklum fjármunum að spila. Aðeins 20 prósent væru seld til einkasafnara. Hann gat þó ekki gefið upp hverjir hefðu keypt munina því það væri andstætt þýskum lögum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Gerðu bitt eigio

Jóna HLAÐ BORD

Nánar á kronan.is/jolahladbord

KRONAN

Gleðileg jólatré og seríur

Jólatrén koma með innbyggðri jólaseríu og eru auðveld í samsetningu. Þau koma í tveimur eða þremur hlutum, sem er einfaldlega smeltt saman og síðan er bara að stinga seríunni í samband og njóta gleðilegra jóla.



40%
afsláttur af
jólatrjám meðan
birgðir endast

Jólatré „norsk fura“

1,8m m/100 ljósa seríu. Hvít ljós.
Tvær gerðir af greinum sem gefa
raunverulegra útlit.

16.995,-

10.197,-

Jólatré „hálanda fura“

1,8m m/100 ljósa seríu. Hvít ljós

9.995,-

5.997,-

Jólatré „norsk eðalfura“



1,8m m/120 ljósa seríu.
Blönduð ljós. Tvær gerðir
af greinum sem gefa
raunverulegra útlit.

19.995,-

11.997,-

40%
afsláttur

Jólaseríurnar á Múrbúðarverði



Ein sería margir litamöguleikar -blikk eða stöðugt ljós
– tímastillir on/off. Stillanlegar í gegnum app í síma
– tvær lengdir 100 og 200 ljósa.
Verð frá 4.595,- Verð nú frá 2.757,-

LED útisería – samtengjan-
leg til í 3 lengdum 4, 8 og 20
metra. Verð frá 1.795,-
Verð nú frá 1.077,-

Jólaslängur í nokkrum litum, lögunum
og lengdum. Hvítar – rauðar og
marglitar. Flatar eða venjulegar
Blikkandi eða ekki. Lengd frá 4,5m-10m
Verð frá 1.995,- Verð nú frá 1.197,-

Grílukertasería, úti. Getur verið einlita
hvít eða rauð, blikkandi eða með
stöðugum lit. Stillanlegar í gegnum
app í síma. Lengd 10m.
Verð 5.995,- Verð nú frá 3.597,-

Mikið úrval – enn betra verð

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	SelHELLU 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

**MÚR
BÚÐAR
VERÐ**

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Stefnubreyting



Hörður Ágísson
hordur@frettabladid.is

Það hefur orðið stefnubreyting hjá bönkunum. Hún kemur til af nauðsyn, meðal annars vegna óhagstæðs rekstrarumhverfis sem einkennist af háum sértækum sköttum og stífum eiginfjárkröfum, en er einnig afleiðing af óarðbærri útlánþenslu þeirra á undanförmum árum. Eftir mikinn hagnað 2013 til 2015, sem stafaði einkum af uppfærslu á virði fyrirtækjalána og annarra eigna sem bankarnir fengu til sín þegar þeir voru endurreistir, fóru þeir í þá vegferð að stækka efnahagsreikning sinn með því að auka útlán sín umtalsvert. Sú ákvörðun var sumpart skiljanleg enda höfðu erlendir kröfuhafar, þáverandi eigendur Íslandsbanka og Arion banka, engan áhuga á að fá til sín arðgreiðslur í krónum. Niðurstaðan varð því mikil samkeppni þeirra á milli í útlánum til fyrirtækja, sem var gott fyrir viðskiptavinina sem fengu betri vaxtakjör, en síðra fyrir arðsemi bankanna. Það þarf því vart að koma á óvart að arðsemin af grunnrekstri hafi um langt skeið að jafnaði verið litlu meiri en af áhættulausum ríkisskuldabréfum. Bankarnir buðu upp á kjör sem þeir gátu ekki staðið undir.

Eignarhald skiptir máli. Með nýjum eigendum og stjórnendum Arion banka, eina viðskiptabankans sem er í einkaeigu og skráður á hlutabréfamarkað, hefur orðið stefnubreyting og í stað vaxtar er áherslan nú á arðsemi. Fyrir sum fyrirtæki hefur þetta þýtt aukinn fjármagnskostnað samhliða því að bankinn hefur hækkað vaxtakjörin á lánum umtalsvert. Það er aðeins byrjunin á því sem koma skal ef marka má yfirlýsingar stjórnenda bankans. Arion stefnir að því að minnka safn lána til fyrirtækja um 20 prósent fyrir árslok 2020 en á fyrstu þremur fjórðungum ársins hefur það nú þegar dregist saman um tæplega sjö prósent.

Íslandsbanki, sem skilaði undir 5 prósent arðsemi á síðasta fjórðungi, hefur ákveðið að fylgja í fótspor Arion. Bankinn, sem reynir eftir fremsta megni að gripa til aðgerða í því skyni að hagræða og auka arðsemi áður en hann verður mögulega boðinn til sölu, hefur nýtt ákvæði í lánasamningum við fyrirtæki til þess að hækka vexti. Þessi þróun, sem hefði þurft að hefjast fyrir, á sér stað á sama tíma og Seðlabankinn hefur lækkað vexti um 1,5 prósentur á hálfu ári og því ljóst að margir atvinnurendur eru ekki að njóta ávinnings þeirra vaxtalækkana.

Fyrir hagkerfið gæti tímasetningin á þessari stefnubreytingu bankanna verið betri. Aðgengi fyrirtækja að lánsfé þrengist á meðan Seðlabankinn er að reyna að örva hagkerfið í miðri niðursveiflu. Vandinn er hins vegar heimatilbúinn. Stjórnvöld hafa lagt sitt af mörkum við að skerða samkeppnishæfni bankanna, meðal annars með sértækum sköttum sem eru tífalt hærri en í okkar helstu nágrannaríkjum, sem aftur hefur bein áhrif á þau kjör sem bankarnir geta boðið heimilum og fyrirtækjum. Fyrir stóru fyrirtækin, sem eru skráð á markað, eru aðrar leiðir í boði með því að sækja sér fjármögnun á skuldabréfamarkaði en fyrir litlu og meðalstóru fyrirtækin, sem skipta tugþúsundum, hafa þau engan annan valkost en banka til að leita sér að lánsfé. Þessi staða, sem gæti gert niðursveifluna dýpri en ella, hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir hverja þá ríkisstjórn sem telur að samkeppnishæfni atvinnulífsins skipti mögulega máli fyrir lífskjör í landinu.



Aðgengi fyrirtækja að lánsfé þrengist á meðan Seðlabankinn er að reyna að örva hagkerfið í miðri niðursveiflu.

Halldór



Frá degi til dags

Útrásin

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, skrifar áhugaverða grein í breska tímaritið The Spectator. Meðal fyrverandi ritstjóra þess tímarits er ekki ómerkari maður en Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands. Í greininni segir Sigmundur Davíð að bráðnun íslenskra jökla sé ekkert til að hafa áhyggjur af. Hér sé ekkert nýtt á ferðinni heldur eðlilegar sveiflur í náttúrunni. Það er vel til fundið hjá Sigmundi að breiða þennan boðskap sinn út til alþjóðasamfélagsins. Miðflokkurinn er fyrir löngu búinn að tryggja sér atkvæði þeirra fimm prósent Íslendinga sem efast um að loftslagsbreytingar séu af mannavöldum.

Slökkvistarf

Í leiðara þessa blaðs í gær var víkið að stöðu ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur. Þar er bent á að þetta samstarf hafi verið áhættusamt fyrir Vinstri græn. Það sé deginum ljósara að ríkisstjórnin sé einnota og henni verði kastað í næstu kosningum. Þótt Katrín njóti sjálf vinsælda skilar það sér ekki í fylgi flokksins samkvæmt skoðanakönnunum. Það er kannski ófsagt að staðan sé nú þegar orðin vonlaus en það var samt örugglega gagnlegt fyrir forsætisráðherrann að æfa sig í að slökkva elda þegar eldvarnarátaki var hleypt af stokkunum í gær. sighvatur@frettabladid.is

Skóli án kennara



Guðrún Hafsteinsdóttir formaður Samtaka iðnaðarins

Þú heldur eflaust, lesandi góður, að það sé óhugsandi að skóli geti verið án kennara en það er nú samt raunin að slíkir skólar eru til. Stjórn Samtaka iðnaðarins átti þess kost fyrir skömmu að heimsækja skóla í París sem nýtur þeirra sérstöðu að þar eru engir kennarar! Námið í 42 skólanum fer fram í gegnum jafningjafræðslu sem byggir á þátttöku og framlagi hvers og eins nemanda, án námskeiða og án kennara, sem gerir nemendum kleift að virkja sköpunargáfu sína í verkefnaíðudu námi.

Ég var full tilhlökkunar er við gengum inn í skólabygginguna og skynjaði um leið að þetta væri sérstakur staður í nútímalegu andrúmslofti. Nemandi við skólann sá um leiðsögn og var gaman að heyra hversu ánægð og stoltur hann var af skólanum sínum. Skólinn, sem er sjálfseignarstofnun, var stofnaður 2013. Stofnandi skólans, Xavier Niel, taldi nauðsynlegt að koma breytingum að í menntakerfinu sem miðuðu að því að mennta fólk með þarfir atvinnulífsins í huga og ýttu undir mismunandi hæfileika nemenda á sem flestum sviðum sem og sjálfstæði í hugsun og vinnubrögðum.

Eingöngu er kennd forritun við skólann og komast færri að en vilja. Allir sem náð hafa 18 ára aldri geta sótt um inngöngu og eru inntökuþröf rafræn. Engin skólagjöld eru við skólann, engir próffessorar né kennarar og skólinn gefur ekki út neinar prófgráður.

Það var upplifun að koma í 42 skólann og kynnast nýjum aðferðum við kennslu. Ljóst er að skóli sem þessi hentar ekki öllum en gleymum því heldur ekki að skólakerfið okkar eins og við höfum byggt það upp hentar heldur ekki öllum. Í síkvikum heimi verðum við að vera reiðubúin til að líta til nýrra aðferða við að mennta kynslóðir framtidarinnar fyrir ný viðfangsefni. Aðferðafræði 42 skólans er í senn áhugaverð og gagnleg viðbót við hefðbundið skólahlald sem líta mætti til hér á landi.



Ljóst er að skóli sem þessi hentar ekki öllum en gleymum því heldur ekki að skólakerfið okkar eins og við höfum byggt það upp hentar heldur ekki öllum.

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíum-skorts

- Litil orka
- Þröttleysi
- Veik bein
- Hormóna ójafnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spennar
- Köllkun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kviði
- Streita
- Píringur



www.mammaveitbest.is

Fjölskylda sem fyrirtæki

Í DAG



Þórlundur Kjartansson

Í sjónvarpsþáttunum Pabba-helgar, sem nýlega voru sýndir á RÚV, blasir sitthvað við sem er iskyggilega kunnulegt fyrir margt fjölskyldufólk á Íslandi. Ofurmömmurnar þjóta milli skuldbindinga allan liðlangan daginn. Pakka nesti ofan í börnin, klæða þau og velja fót fram yfir fermingaraldur, fylgjast með því hvað fer í töskurnar, sauma skott á grimubúninga, skipuleggja „hittinga í hádeginu“ með vinkonum, sinna ábyrgðarmiklum stöðum í atvinnulífinu, keppast við að sinna sjálfum sér og viðhalda ljóma æsku og kvenleika, láta aldrei finna á sér bilbug gagnvart neinum, eru með á hreinu nýjustu vendingar í innanhúsarkitektúr, skrautmunum og ilmkerfum úr Epal og IKEA, versla og elda á hollan, umhverfisvænan og siðferðislega verjandi hátt, eru hressar og sjarmerandi, klárar og kynþokkafullar, gáskafullar og ábyrgar.

Karldýrin á heimilum virðast hins vegar oft býsna gagnslaus, jafnvel minna en það. Þeim er oftast um megn að fylgja einföldustu fyrirmælum og allt „kerfið“ er líklegt til þess að hrynja eins og spilaborg ef þeim er treyst fyrir því að taka að sér of veigamiklú hlutverk, hvað þá að beita eigin „dómgreind“ um þarfir barna og heimilis. Þeir verða nánast eins og enn eitt barnið til þess að hafa áhyggjur af og oftast betra að þeir þvælist ekki fyrir heldur en að þeir reyni að hjálpa til.

Ekkert nýtt undir sólinni

Fólk af þeirri kynslóð sem nú er með börn á öllum aldri og nálgast sjálft miðjan aldur, upplifði margt í Pabba-helgum eins og sjónvarpið væri að hluta til að breytast í spegil. Persónurnar og aðstæðurnar eru ýktar en flestir gátu eflaust séð sitthvað af sjálfum sér og vinum sínum í þeim veruleika sem gerð eru skil í þáttunum. Og þar var ekkert dregið undan og engum hlíft, sist af öllu söguhetjunni Karen sem togaðist svo átakanlega milli þess að reyna að endurheimta það litla sem hún átti eftir af sjálfri sér eða að halda áfram að forna sér í þágu barnanna, fjölskyldunnar, vinnunnar og hins villuráfandi eiginmanns. Það er ekki skrítið að hún hafi verið nálægt því að fara á taugum.

Höfundur Pabba-helga, Nanna Kristín Magnúsdóttir, gæti hafa verið




Karldýrin á heimilum virðast hins vegar oft býsna gagnslaus, jafnvel minna en það. Þeim er oftast um megn að fylgja einföldustu fyrirmælum og allt „kerfið“ er líklegt til þess að hrynja eins og spilaborg ef þeim er treyst fyrir því að taka að sér of veigamiklú hlutverk, hvað þá að beita eigin „dómgreind“ um þarfir barna og heimilis.

að reisa minnisvarða um tilvistar-kreppu sinnar eigin kynslóðar. Það er líklega ástæða þess að þættirnir höfðu djúpstæð áhrif á mjög marga, enda eru lýsingarnar nístandi.

Það er líka nístandi að heyra sungið „Fjölskylda sem fyrirtæki mörgum vex í augum. Fjölmörg dæmi um manneskjur sem farið hafa á taugum,“ í laginu „Hvað um mig og þig“ eftir Magnús Eiríksson. Það kom út árið 1982 og lýsir líklega sömu tegund tilfinningaróts hjá þeirri kynslóð sem eru foreldrar þeirra sem í dag sjá brot úr spegilmynd í Pabba-helgum. „Ég sé þig þreytt með barnavagninn baksa heim á kvöldin. Þar bíða bréf með rukkunum sem birta ógreidd gjöldin. Er lífið aðeins fallinn víxill, oft þau spyrja sig,“ og þá eins nú hugsuðu eflaust margir: „Þau reyna að stefna í rétta átt. En hvað um mig og þig?“

Reyna að stefna í rétta átt

Á níunda áratugnum gat glugga-pósturinn virst yfirþyrmandi áreiti og áminning um að streðið væri rétt að byrja og lyki aldrei. Núna gengur fólk um með siblikkandi tæki sem senda stöðugt áminningar um allar þær skuldbindingar sem engin leið er að uppfylla. Það er heldur ekki skrítið að það heyrir til undantekninga ef fólk á þessu æviseiði er ekki búid að koma sér upp einhvers konar dellu til þess að dila við hömlulausa sibyljuna. Sumir fara í jóga og hugleiðslu, aðrir



út að hlaupa eða hjóla, setja sér markmið um að vera Landvættur eða björgunarsveitarmaður, sökkva sér í trúarbrögð eða sjálfshjálparbækur, mæta til sálfræðings eða markþjálfara, háma í sig Hraunbita og snúða eða hella í sig áfengi og eiturlyfjum. Allt eru þetta leiðir—misgóðar þó—til þess að flýja raunveruleikann, þar á meðal, og kannski ekki sist, heimilislífið sjálft.

Allir vilja meira

Sömu ástæður liggja auðvitað að baki angistinni í Pabba-helgum og laginu hans Magnúsar. „Íbúð, bil, öll lífsins gæði. Allir vilja meira,“ og nú er ekki nóg að eignast þetta allt heldur þarf að sýna heiminum fram á að maður fari létt með það. Að maður geti skjalfest og sannað að maður sé alltaf fallegur og vel upplagður; glansandi af lífsgleði og til í tuskið. Og þarna liggur kannski úlfurinn á sauðargærinni, ef svo má að orði komast.

Hvernig er hægt að öðlast þetta allt? Fjárhagslegt öryggi, innri kyrrð, hamingjuríkt fjölskyldulíf, djúp vináttutensl, hressilegar gleðistundir, óslökkvandi ástíður, óbilandi líkamlega heilsu og styrk, vitmunalegan þroska, virðingu og starfsframa, andlega yfirvegum og útrás fyrir ævintýra-

þrána. Sorri, það er ekki hægt. Kertin er ekki hægt að brenna í báða endana.

Helgidómur eða rekstrareining

Það tíðkast mjög að tala um heimilislífið með sama orðfæri og rekstur fyrirtækja. Það þarf að láta hlutina ganga upp, skipuleggja, straumlínulaga og stefnumóta. Það segir kannski einhverja sögu um gildismatið sem ríkir þegar tungutak atvinnulífs þykir boðlegt til að lýsa heimilinu, og fæstum þykir það fela í sér vanhelgun á því sem sem skiptir mestu máli í lífinu. Hugmyndin um „fjölskyldu sem fyrirtæki“ rænir af okkur eina raunverulega skjólinu sem við getum ætlast til frá umheiminum. Þegar „rekstur“ heimilisins breytist úr því að byggjast á afslappaðri og ástríkrí umhyggju yfir í streituvaldandi kvöð þá er örugglega erfitt að halda sönsum; alveg sama hvað kveikt er á mörgum ilmkerfum, farið í marga jógatíma eða hlaupið marga kílómetra.

Þetta benti texti Magnúsar Eiríkssonar okkur á fyrir tæpum fjórtíu árum. En líklega er langt þangað til okkur lærist almennilega sá sannleikur að mikilvægasta spurningin í lífinu er kannski einmitt þessi: „Hvað um mig og þig?“

USSSSSSS ÞURFUM VIÐ EITTHVAÐ AÐ RÆÐA ÞETTA?



Grjótharður nýr Mitsubishi L200

Sjötta kynslóð Mitsubishi L200 pallbilsins byggir á 40 ára reynslu þessa harðduglega vinnuþjarks og nú birtist hann glæsilegri, öflugri og áreiðanlegri en nokkru sinni fyrr. Komdu og kynntu þér nýjan L200 á grjóthörðu verði. Hlökkum til að sjá þig!

Aðeins frá

5.490.000 kr.



MITSUBISHI MOTORS

Drive your Ambition



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · BVA Egilsstöðum

Hamlet

Hágæða belgískt súkkulaði

Tilboð gilda út 24. nóvember



Konfekt í álkössum 500 g

Verð frá **2.299** kr/stk



Súkkulaði, cappuccino, appelsínu, kampavíns og kakó trufflur

Verð frá **349** kr/pk



Cupido konfekt fyllt með koníak, gin og viskí

449 kr/pk



Jólafigúrur úr súkkulaði

Verð frá **779** kr/pk



Súkkulaði flögur með karamellu, dökku súkkulaði og appelsínu

479 kr/pk



Konfekt í gjafapakkingu

Verð frá **1.199** kr/stk



Dökkt- og ljóst súkkulaði fondú

Verð frá **699** kr/stk



Opíð allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni



Nautalundir
Frosnar frá Danish Crown

3.999 kr/kg

20%
afsláttur



Íslenskt nauta ribeye

4.719 kr/kg
Verð áður 5.899 kr/kg



Spennandi steikarsósur sem þú verður að prófa

Verð frá **499** kr/stk



15%
afsláttur

100%
HREIN
AFURÐ

Kjúklingabringur

2.167 kr/kg
Verð áður 2.549 kr/kg



15%
afsláttur

100%
HREIN
AFURÐ

Ferskur kjúklingur

790 kr/kg
Verð áður 929 kr/kg



Hálfur lambahryggur

3.099 kr/kg
Verð áður 3.399 kr/kg

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

Mikil uppbygging nema í Laugardal

Sveitarfélögin í landinu eru dugleg að byggja upp íþróttamannvirki. Fjallað var um komandi knattús Hauka í bæjarráði í gær en mikil uppbygging er fram undan í Reykjavík, á Ísafirði og í fleiri sveitarfélögum. Alls staðar nema í Laugardal.

FÓTBOLTI Skýrsla starfshóps um nýtt knattspyrnuhús Hauka var tekin fyrir í bæjarráði Hafnarfjarðar í gær en bærinn hyggst reisa veglegt knattspyrnuhús á Ásvöllum. Mikil uppbygging er víða um land þegar kemur að knattspyrnu og íþróttum. Þannig var Skessan tekin í notkun í Kaplakrika fyrir skemmstu. Afturelding tók nýverið í notkun sitt hús, Ísafjörður ætla að bjóða út upphitað hús og í Reykjavík eru framkvæmdir að hefjast við svæði Fram og ÍR. Valsmenn eru komnir langleiðina með sitt svæði og KR er í startholunum. Svona mætti lengi telja. Flest sveitarfélögin standa sig gríðarlega vel í uppbyggingu á íþróttamannvirkjum og samlagður kostnaður við þessa mannvirkjagerð nemur mörgum milljónum króna.

Það er þó aðra sögu að segja í Laugardal. Þar standa mannvirki fornra tíma með úrelta íþróttahöll og leikvang með ónýta frjalsíþróttabraut. Uppbygging þar er á ábyrgð ríkisins og þó það sé að þokast í rétta átt er enn langt í land.

Á fjárákallögum er búið að koma á fót hlutafélagi vegna Þjóðarleikvangs í Laugardal og leggja því til fimm milljónir króna í stofnfé. Guðni Bergsson, formaður KSÍ, segir að fundað sé stíft og vandað sé til verka. Guðni er ekki í ófundsverðu hlutverki en ber sig vel þegar rætt er um uppbygginguna sem vonandi verður.

„Starfshópur skilaði af sér vinnu á síðasta ári og í kjölfarið var samkomulag um að fara í nánari greiningarvinnu og úttekt á mögulegum sviðsmyndum hvað varðar völlinn. Þetta nýjasta skref er stigið af hálfu



Laugardalsvöllur er rúmlega 60 ára gamall. Miðað við mannvirkjagerð hjá sveitarfélögum landsins er ríkið að draga lappirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Aðstaða leikmanna er langt frá því að uppfylla kröfur nútímans.

ríkisvaldsins til að hafa fjármagnsheimildir fyrir það verkefni. Það er verið að vinna af þó nokkrum krafti, fundað vikulega og stefnt að því að ljúka þeirri vinnu á næsta ári og þá er kominn tími til að taka ákvörðun í málinu – þótt fyrir hefði verið,“ segir Guðni. Hann bætir við að það sé gangur í þeirri vinnu sem nú sé unnin þó skrefin séu stundum stutt og hæg. „Miðað við mínar upplýsingar hefur varla verið unnin svona ítarleg vinna eins og þessi á evrópskan mælikvarða hvað varðar uppbyggingu íþróttamannvirkis. Það er verið að rýna ítarlega í hlutina.“

Mikið hefur verið rætt og ritað um Laugardalsvöll. Sérstaklega í aðdraganda þess að Ísland er að fara að spila leik og jafnvel tvo í mars.

Guðni segir að sveitarfélögin hafi staðið sig vel eftir að málaflökkurinn færðist frá ríkinu yfir á sveitarfélögin. „En manni finnst að ríkið eigi að koma að þessu – sérstaklega þegar rætt er um þjóðarleik-

Pað er verið að vinna af þó nokkrum krafti, fundað vikulega og stefnt að því að ljúka þeirri vinnu á næsta ári og þá er kominn tími til að taka ákvörðun í málinu – þótt fyrir hefði verið.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ



vang. Það má auðvitað líka ræða hvernig ríkið styrkir íþróttalífið. Það mætti gera betur þar. Ríkið styrkir rekstur íþróttasambanda og UMFÍ og ferðasjóð og afreksjóð en miðað við skatttekjur sem ríkið fær af íþróttum mættu framlög til íþróttamála tvímælalaust vera meiri og kannski meira í takt við það sem gerist á Norðurlöndunum.“ benediktboas@frettabladid.is

Alltaf nóg til af humri hjá Norðanfiski...

STÓRUM HUMRI!!



Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakningum í verslunum Bónus um land allt.

nordanfiskur

Kemur í ljós hverjum Ísland mætir

FÓTBOLTI Dregið verður í dag í umspil um fjögur laus sæti í lokakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu karla. Ísland er í potti A í drættinum en fyrst verður dregið um það hvort íslenska liðið mætir Rúmeníu eða Ungverjalandi í undanúrslitum umspilsins en auk þess liðs sem mætir ekki Íslandi í undanúrslitunum koma Búlgaría og Ísrael til greina sem mögulegir andstæðingar í úrslitaleiknum um laust sæti í lokakeppninni.

Rúmenía er herra skrifað sé lítið til styrkleikalista FIFA en þar situr liðið í 29. sæti eins og sakir standa. Rúmenar höfnuðu í fjórða sæti í F-riðli undankeppninnar en Spánn og Svíþjóð fóru beint áfram úr þeim riðli og Lars Lagerback og lærisveinar hans hjá Noregi voru í sætinu fyrir ofan Rúmeníu.

Claudiu Keserü sem mætti Val með búlgarska liðinu Ludogorets í

forkeppni Meistaradeildar Evrópu í sumar var markahæsti leikmaður Rúmeníu í undankeppninni en hann skoraði sex mörk. George Puscas sem leikur með enska B-deildarliðinu Reading skoraði einu marki minna en Keserü.

Keserü er markahæsti leikmaðurinn í núverandi leikmannahópi Rúmena með 13 mörk fyrir liðið en Nicolae Stanciu, leikmaður Slavia Prag, kemur næstur með sín 10 mörk.

Rúmenía fékk á sig 15 mörk í 10 leikjum í undankeppninni en þar af voru fimm í 5-0 tapi á móti Spáni í leik sem skipti ekki máli fyrir þróun mála í riðlinum í lokaumferð riðlakeppninnar.

Ungverjaland er hins vegar í 50. sæti á styrkleikalista en liðið laut í lægra haldi fyrir Wales í úrslitaleik um sæti í lokakeppninni í E-riðli undankeppninnar.

» Íslenska liðið mætir annaðhvort Rúmeníu eða Ungverjalandi í undanúrslitum umspilsins.

Ungverjar skoruðu átta mörk í jafn mörgum leikjum í undankeppninni en mörkin dreifðust jafnt á milli leikmanna liðsins. Máté Pátkai og Willi Orban, sem er fyrirliði þýska liðsins RB Leipzig, voru markahæstir hjá liðinu í riðlinum með tvö mörk.

Balázs Dzsudzsák, fyrirliði ungverska liðsins, og Ádám Szalai, varafyrirliði liðsins, eru markahæstu leikmennirnir í leikmannahópnum með 21 mark hvor fyrir landsliðið. Þeir eru einu leikmennirnir í hópnum sem hafa skorað meira en fjögur mörk á landsliðsferli sínum. – hó

LEIÐ

FÖSTUDAGUR 22. NÓVEMBER 2019

Lífsstíll



Öskraði inni í sér

Bjarni Viðar Sigurðsson er að sigra heiminn með leirlistmunum sínum. Hann sér fyrir óöröna hluti og á vinnustofu hans er andi. Árlegur jóla-markaður Bjarna hefst í dag með hnallþórum, smurbrauði og eftir-sóttu sköpunarverki hans. <->

Bjarni Viðar Sigurðsson á vinnustofunni sinni heima í Hafnarfirði sem mun svigna undan krásum og keramikum fram á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég gjörsamlega öskraði inni í mér þegar ég komst fyrst í snertingu við leirinn. Ég hló inni í mér og gleðin var að fara með mig. Ég man að ég hugsaði; þetta er eitthvað sem ég vil gera og ákvað að láta verða af því," segir Bjarni Viðar Sigurðsson, einn fræknaði leirlistamaður Íslendinga í samtímanum.

„Það er svo gaman að snerta leir, finna jörðina í fingrunum og geta

mótað og leikið sér með hann að vild," segir Bjarni sem fæddist í Vesturbænum en flutti snemma á Kleppsvog og gekk í Langholtsskóla allan barnaskólann.

„Í barnaskóla gerði ég mikið úr því að gera hlutina fallega og snyrtilega. Til dæmis voru stílabækurnar í dönsku skreyttar sem endaði með að dönskukennarinn vildi eignast þær eftir að ég hætti í skólanum, sem og hann fékk," rifjar Bjarni upp og brosir.

„Ég var þó ekki mikið í listinni í barnæsku og í raun ekki fyrr en ég

kynntist manningum mínum sem kom mér í kvöldnám í Myndlistaskóla Reykjavíkur. Þar tengdist ég leirnum og fann að það varð ekki aftur snúið," upplýsir Bjarni sem þá sagði upp starfi sínu til margra ára í Búnaðarbankanum og hélt utan til Danmerkur í nám við Aarhus Kunstakademi.

Vinsæll í Danmörku

Aðalsmerki Bjarna eru handgerðir munir þar sem hver hlutur er einstakur.

„Í Danmörku er mikil vakning

fyrir öllu sem er „handmade“ og þá á ég við bæði brauð og matvöru, keramik og annað, enda tók ég eftir að keramik mitt fór algjörlega inn í það flug og er mjög vinsælt í Danmörku," upplýsir Bjarni um verk sín sem Danir elska að skreyta hýbýlin með.

„Danskir listunnendur vita að hver hlutur frá mér er einstakur, merktur með númeri sem segir til um hvaða glerungar eru á hverjum mun og það líkar þeim. Leir er ákaf-

Framhald á síðu 2 ➔

INNOVATION LIVING



OSVALD - SVEFNFLÖTUR 150X200 CM - KR. 199.800



FILUCA - SVEFNFLÖTUR 160X200 CM - KR. 194.600



FRÖDE - SVEFNFLÖTUR 140X200 CM - KR. 206.700

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS OPIÐ MÁNUÐAGA - FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Framhald af forsiðu →

lega mikið í tisku nú um mundir, sérstaklega í Danmörku. Það finn ég vel, en Íslendingar eru alltaf aðeins seinni að taka við sér þótt það leyni sér ekki að áhuginn hefur aukist hér heima," segir Bjarni.

Krúttlegur jólamarkaður

Nú um helgina stendur Bjarni fyrir sínum árlega jólamarkaði.

„Þegar ég flutti aftur heim til Íslands ákvað ég að halda jólamarkað hér heima, rétt eins og ég hafði gert á vinnustofu minni í Danmörku. Við maðurinn minn, Guðbrandur Árni Ísberg, keyptum hús í Hafnarfirði haustið 2007, fluttum inn 12. nóvember og þaðan í frá ákvað ég að jólamarkaðurinn yrði alltaf á sama tíma ár hvert; helgina fyrir fyrsta sunnudag í adventu," segir Bjarni sem tjaldrar öllu til á jólamarkaðinum.

„Fyrsti markaðurinn var krúttlegur; tvær hillur af vörum, enginn gluggi á vinnustofunni og lítið að sjá utan frá. Ég bauð upp á smávægis af veitingum og seldi þó slatta, sem gladdi mig mikið. Síðan hefur margt breyst og í dag er jólamarkaðurinn orðinn það stór að fólk bara hringir og spyr: „Sami tími, er það ekki?“ Mér þykir vænt um það og hitti fólk hédan og þaðan sem er yfir sig spennat að koma," segir Bjarni, fullur tilhlökkunar.

„Ég býð upp á heimagerðar smákökur, átta til níu sortir, og kanelstúðana sem má ekki vanta. Fólk flípar yfir snúðunum sem eru meðal annars bakaðir úr kartöflumús. Þetta verður í boði alla dagana ásamt jólagluggi, kaffi, rauðvíni og hvítvíni, jólabjór og gosi," upplýsir Bjarni sem tók ákvörðun um að bjóða líka upp á dýrindis hnallþörur með kaffinu þegar jólamarkaðurinn varð tíu ára og þannig hefur það verið allar götur síðan.

„Einnig lafabrauð, ávexti og gotteri fyrir börnin, og eftir að ég fór að opna jólamarkaðinn á föstudegi fyrir fjórum árum hef ég verið með heitan og kaldan mat, til dæmis lambalæri með béarnaise-sósu á súrdeigsbrauði og fleira gómsætt og jólalegt," segir Bjarni sem leggur mikið upp úr veitingunum. „Mér þykir gott að gefa af mér og láta fólk liða vel þegar það kemur.“

Matargestir eignast stelli

Á jólamarkaðnum teflir Bjarni eingöngu fram nýjum verkum.

„Það eru bæði stakir og stórir hlutir, vasar, skálar og slíkt, en líka matarstell sem njóta mikilla vinsælda og ég tala nú ekki um bollar og glös. Allt eru það söfnarmunir sem fólk elskar að bæta í hjá sér en líka að gefa í jólagjafir," útskýrir Bjarni.

Hann segir tengsl við íslenska náttúru blasa við í verkum sínum, ekki síst þegar kemur að litavali.

„Formin fylgja þar fast á eftir og er áferð hvers hlutar mjög einstök. Því er engin leið að apa handverkið mitt eftir því að ég vinn með fleiri hundruð glerunga og blöndur og geri eins og mig lystir. Ég hef gert það frá því í náminu og var kennarinn minn þá mjög hrifinn enda fór hann að leika sér á þennan máta sjálfur," segir Bjarni sem verður með um 500 demantabolla á jólamarkaðnum og enga tvo eins.

Bjarni segist oft vilja eignast sér hlutina sjálfur þegar þeir koma úr ofninum.

„En þó er það þannig, því miður, eða bara skondið, að ég á mitt eigið sköpunarverk ekki lengi í eldhúsinu. Oftar en ekki enda matarboðin með því að gestirnir kaupa diskana mína eða þá vasa eða annað af veggjunum hjá mér. Ég hef gert það, og finnst skrytið að fólk vilji eignast það sem ég hef valið mér sjálfur. En ég hugsa þá alltaf: Æ, ég geri mér bara nýjan hlut sem þó gengur ekki



Hver og einn listmunur Bjarna er einstakur og engum líkur.



Litríkar skálar, vasar og leirtau.

Nú er svolitill óróleiki á heimilinu. Ég þarf því að spjalla aðeins við andann og biðja fyrir honum og okkur. Það er í allt í lagi.

upp því hver hlutur er einstakur. Mér finnst bara yndislegt að gefa af mér og leyfa öðrum að njóta líka og finn mér þá bara eitthvað annað," segir Bjarni og hlær.

Á samningi um allan heim

Bjarni gerði nýverið samning við hið víðfræga vöruhús Illum í Kaupmannahöfn.

„Verkin eru komin í sölu og gengur vel, hef ég heyrt. Sjálfur hef ég ekki séð hvernig þetta kemur út en heyrt allt gott um það. Maður hefur ekki alltaf tíma til að fylgja öllu eftir og vera á staðnum þegar opnun er, eins og var hjá Illum 15. nóvember, en þá breyttu þeir allri fjórðu hæðinni þar sem einungis handgerðir munir eru til sölu, til dæmis japanskt te og slíkt," segir Bjarni um þann heidur sem honum var sýndur að vera valinn af Illum.

„Þeir völdu mig vegna þess að þeim finnst ég hafa einstakan stíl og þótt hægt sé að sjá hundrad bolla eftir mig í hillu er engir veir eins. Ég átti fund með Illum í júlí og fannst erfitt að skilja hvert fundurinn væri að fara því ég hélt að Illum og Illums Bolighus væri sama fyrirtækið. Svo er ekki og kom í ljós að fjölskyldan sem átti Illums Bolighus seldi Illum úr fyrirtækinu upp úr 1970," upplýsir Bjarni en bæði Illums Bolighus og Illum eru hvort með sína ólíku muni frá Bjarna.

„Til dæmis vildi Illum fá demantabollana mína og diska sem Illums Bolighus hefur ekki. Ég vinn þannig að ég geri ákveðna muni fyrir ákveðna staði því þá hafa engir tveir sömu verk frá mér. Þannig er Louisiana-safnið í Danmörku með glös sem seljast gífurlega vel hjá



Stíll Bjarna er einstakur og hefur vakið eftirtekt og aðdáun um allan heim.

þeim og fast eingöngu hjá þeim en ég verð með þau á jólamarkaðnum í ár," upplýsir Bjarni.

Hann segir samningana við Illum og Illums Bolighus vera gæðastimpil.

„Vinsældir og viðurkenning á verkum mínum í Danmörku hefur aukist gífurlega og nú vinn ég að samningi við fyrirtæki sem vill verða umboðsaðli minn fyrir öll Norðurlöndin; bæði gallerí og verslanir en einnig veitingastaði og hótel. Þetta hefur líka gefið mér það tækifæri að vera valinn einn af tíu bestu og áhugaverðustu leirlistamönnum Norðurlanda og á nýrúinu mun ég einnig starfa með einum eða tveimur af tíu Michelin-veitingastöðum á Norðurlöndunum sem einnig verður að sýningu í Kaupmannahöfn og útgáfu bókar," segir Bjarni sem er með mörg járn í eldinum og samning við eina stærstu og virtustu lífsstilsverslun Bandaríkjanna, ABC Carpet and Home sem verslar eingöngu með handgerða muni.

Keramík er rómantískt

Vinnudagurinn hjá Bjarna er langur enda margir um hituna þegar kemur að eftirsóttum leirmunum hans.

„Ég vinn tíu tíma á dag alla virka daga en reyni að halda vinnudeginum innan átta tíma um helgar, þótt það gangi ekki alltaf upp. Þrátt fyrir annríkið loðir rómantik við þetta starf. Ég er gamall bankamaður og ekkert rómantískt við það starf en þegar maður er sinn eigin herra, þótt vinnan sé mikil, þá fylgir innri hamingja hverju handtaki, ilmurinn af leirnum og hitinn frá ofninum á meðan Rás 1 malar. Já, það er rómið að vera í keramikinu," segir Bjarni og hlær hamingjuhlátir.

„Ég tók ákvörðun um að koma mér á framfæri eftir að ég útskrifaðist úr skólanum árið 2000, sem ég og gerði. Ég vann hörðum höndum að því að skapa mér nafn og virðingu innan listarinnar í Danmörku, sem og tókst. Eftir að heim kom hafði ég sáð mjög mikilvægum fræjum ytra

sem síðan fóru að vaxa og dafna sem var gott fyrir mig á meðan ég tókst á við það drama að vera kominn til Íslands árið 2007, byrja aftur að vinna í banka til að ná endum saman og verða þátttakandi alla leið í bankahrunið," segir Bjarni sem hætti störfum í bankanum 2010 til að stofna galleríð Kaolin sem er enn starfandi en nú er hann einn af eigendum gallerisins Stigs á Skólavörðustíg.

„Ég hef verið sjálfstætt starfandi í leirnum síðan 2010 og framleitt og skapað hin ýmsu verk. Eitt er þó það sem ég er stoltastur af, má ég segja, og það eru hringvasarnir. Þá skapaði ég í skólanum og hef unnið síðan enda eru þeir mjög vinsælir, bæði hér heima og í Danmörku.“

Skyggn frá barnaldri

Bjarni er með vinnustofu í bílskúrnunum en í vor verður breyting á.

„Ég ákvað að nota það sem ég hef fengið út úr keramikinu til að stækka vinnustofuna. Búið er að gera grunninn og í apríl verður hann á nýju vinnustofunni, sem verður yndislegt," segir Bjarni.

„Ég hef lifað dálítið eftir því sem tengdamamma sagði við mig á sínum tíma: Þú ert það sem þú gefur. Þegar frítími gefst hitti ég vini og elska að halda matarboð og eiga góðar stundir með fólki. Stundum bjóðum við bara hinum og þessum sem ekkert þekkja og komum á skemmtilegum kynnum. Það er oft æðislega gaman," segir Bjarni sem nýtur þess líka að eiga náðugri stundir með sínum heitelskaða.

„Guðbrandur er sálfræðingur og við eigum oft dýrmætar stundir þar sem við spjöllum lengi og vel. En tja, þegar ég vil virkilega slaka á er ég á vinnustofunni. Þar er svo góður andi, og já, líka andi," segir Bjarni hinn dularfyllsti.

„Ég hlakkaði svo mikið til að geta unnið á vinnustofunni þegar við keyptum húsið. Fyrsta daginn



Bjarni segir keramikíð rómantískt.

þar inni var mér gjörsamlega ýtt út af einhverjum sem þar er en ég hef síðan náð sáttum við. Við erum þarna saman á einhvern máta og þegar ég brenni leir í ofninum hef ég alltaf kveikt ljós fyrir hann. Ég hef upplýsingar um að andinn sé karlmaður sem hafi verið með verkstæði hér áður og núna er svolitill óróleiki á heimilinu og hundarnir skynja hann vel. Því fer ég með bæn fyrir andann sem deilir með mér vinnustofunni því hann finnur að það eru breytingar í vændum og óttast, held ég, um sig. Ég þarf því að spjalla aðeins við hann og biðja fyrir honum og okkur, en það er allt í lagi. Hann þarf bara að vita að hann getur áfram verið hjá mér þegar nýja verkstæðið verður tilbúið næsta sumar," segir Bjarni sem frá barnaldri hefur haft mikla skyggnigáfu sem fylgir honum enn.

„Sem litill drengur fékk ég sjaldan frið fyrir þessu og það jókst bara með aldrinum. Mikíð var komið inn í herbergið mitt og ég sá hluti gerast, dyr opnast og annað. Í dag fæ ég skilaboð um óórðna hluti og það sem hefur aukist enn fremur, skilaboð um komandi andlát fólks. Þegar við Guðbrandur bjuggum í Danmörku og stóðum eitt kvöld við eldamennsku fékk ég til dæmis skilaboð um að jafnaldrá mín næði ekki að lifa fimmtugsafmæli sitt. Þá vorum við 41 árs en níu árum síðar hringdi systir mín til að tilkynna um andlát þessarar manneskju sem hafði látist af völdum krabba-meins. Ég hafði sagt systur minni frá þessum skilaboðum níu árum áður og hún sagði mér sem var, að sú látna hefði átt tvo mánuði í fimmtugt. Þá fékk systir mín sjokk, og ég líka. Skilaboðin eru mun fleiri og ég veit ekki hvers vegna mér er gert viðvart. Ég hef meira að segja séð nýkeypt hús vinnufólks og getað lýst þeim að innan og hver bjó þar áður.“

Jólamarkaður Bjarna er opnaður í dag og verður opinn fram á sunnudag á vinnustofu hans að Hrauntungu 20 í Hafnarfirði. Allir velkomnir.

Bókamessa

FÖSTUDAGUR 22. NÓVEMBER 2019

Kynningar: Forlagið, Félag íslenskra bókaútgefenda, Bókabeitan



Páll Baldvin hefur skrifað mikið ritverk um síldarárin 1867-1969 og segir að konur og jafnvel börn hafi unnið erfiðisvinnu á þessum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Yfirgripsmikið tímamótaverk


Páll Baldvin Baldvinsson hefur skrifað stórvirkið Síldarárin 1867-1969 þar sem farið er yfir síldarævintýrið í sögu þjóðarinnar í máli og myndum. Í þessari mögnuðu sögu er sjónum sérstaklega beint að síldarstúlkum, börnum, aflakóngum og ævintýramönnum. ➔2

Framhald af forsiðu →

Síldarárin 1867-1969 eftir Pál Baldvin Baldvinsson, bókmenntafræðing og menningarráðgjafi, kemur út núna um helgina. Um er að ræða yfirgripsmikið tímamótaverk um þetta tímabil í sögu þjóðarinnar. Bókin er afrakstur áralangrar vinnu Páls við söfnun ljósmynda, endurminninga og annarra heimilda um síldarævintýrið í sögu íslensku þjóðarinnar.

„Ég hafði áhuga á að fjalla um síldarárin út frá persónulegri reynslu og lífi þess fólks sem vann við síldina, hvort sem það stóð á síldarplaninu að salta síld í tunnur eða sótti sjóinn að veiða silfur hafsins. Í bókinni eru meðal annars frásagnir karla og kvenna, úr öllum stéttum samfélagsins,“ segir Páll, en hann hefur áður skrifað metsöluþóknun Stríðsárin 1938-1945.

„Þegar ég skoðaði heimildir rakst ég óneitanlega á margar frásagnir af karlmönnum en mig langaði að skoða sögu síldarkvenna og barna sérstaklega. Þær unnu mikla erfiðisvinnu við að salta síldina og ráku um leið heimili. Mér fannst líka áhuga-vert að varpa ljósi á líf barna sem ólust upp þegar þessar ofsaveiðar stóðu yfir og hvaða áhrif það hafði á þau,“ segir Páll og bætir við að það hafi verið feikilega gaman að kynna sér þessa merki-



legu sögu sem hafði mikil áhrif á líf og efnahag þjóðarinnar. „Inn í þetta allt fléttast svo órlaga-saga auðkýfinga og hvernig fór fyrir þeim. Sumir þeirra voru ríkir einn daginn en öreigar þann næsta. Einnig segi ég frá skemmtilegum síldarspekúlöntum,“ nefnir Páll.

Elti síldina í gegnum Íslandssöguna

Hann leitaði heimilda bæði héraðs og erlendis og segist hafa elt síldina í gegnum Íslandssöguna. „Síldin átti sinn þátt í að

Ísland breyttist úr örsnauðu landi í tæknivætt velferðarríki. Ósennilegt er að lífskjör væru hér sem raun ber vitni ef hennar hefði ekki notið við,“ segir hann. Þetta ævintýralega skeið Íslandssögunnar hófst með síldveiðum Norðmanna undan Austurlandi á síðari hluta 19. aldar.

„Í fyrstu höfðum við Íslendingar hvorki skip, síldartunnur, salt né verksmiðjur til að vinna úr síldinni og bræða úr henni lýsi en það átti eftir að breytast. Sumir þéttbýlisstaðir breyttust úr kaupstöðum í útgerðarbæi, söltunarbryggjur risu víða um land og sömuleiðis stórvirkar síldarverksmiðjur. Á þeim tíma voru þetta stærstu verksmiðjur landsins og þótt víðar væri leitað. Á Siglufirði og Djúpavík voru reistar gríðarstórar og fullkomnar verksmiðjur sem voru starfræktar í nokkur ár en þegar síldin hvarf stóðu þær



Páll Baldvin leitaði heimilda bæði héraðs og erlendis og segist hafa elt síldina í gegnum Íslandssöguna.

tómar og eru nú orðnar rústir einar,“ bendir Páll á.

Síldin varð líka til þess að stórkostlegir fólksflutningar urðu landshorna á milli í hundrað ár, þar sem fólk fór tugum og jafnvel

hundraðum saman, frá suður- og suðvesturhorni landsins og austur á firði eða norður í land og settist þar að.

Bókin er prýdd fjölda mynda og hafa margar þeirra ekki áður sést

á prenti. „Ég leitaði að myndum hér heima og úti, á héraðssöfnum, borgarsöfnum og þjóðminjasöfnum og tengi þær saman við textann,“ segir Páll að lokum en Forlagið gefur bókina út.

Opinská saga á persónulegum nótum

Sæunn Kjartansdóttir sálgreinir skrifar um móður sína, líf hennar og samband þeirra í bókinni Óstýriláta mamma mín ... og ég. Bókin er opinská, en það tók Sæunni 12 ár að koma henni frá sér.

Hugmyndin að því að skrifa um mömmu mína kviknaði í dánarferli hennar. Hún lést með óvenjulegum hætti og í framhaldinu þurfti ég að vinna mig út úr þeirri lífsreynslu. Ég byrjaði að skrifa fyrir sjálfa mig og það stóð ekki til að gefa það efni út enda fannst mér ég lengi vel svo hörð við mömmu og koma sjálf svo illa út að ég gæti ekki sýnt þetta nokkrum manni. Tilgangurinn var fyrst og fremst að fara í gegnum tilfinningar mínar og reyna að skilja dauða mömmu út frá lífi hennar, hvernig þessi 85 ár sem hún lifði leiddu til þeirra 45 daga sem það tók hana að deyja. Mamma var óvenjuleg manneskja, hún lifði og dó á sínum forsendum og eftir sínu höfði. Hún var mjög opinská með ákvörðun sína og síðustu dagarnir hennar voru ekki líkir neinu sem ég hef kynnst,“ segir Sæunn, sem er sálgreinir og notar reynslu sína og menntun til að skilja móður sína.

„Mamma var litrík og skemmtileg en hún var líka ófyrirsjáanleg og erfið. Hún tók oft ákvarðanir sem komu okkur dætrum hennar úr jafnvægi, eins og til dæmis að fara frá okkur. Hún misnotaði áfengi og ég reyni að skilja ástæður þess. Ég er ekki þeirrar skoðunar að um sé að ræða líffræðilegan eða

meðfæddan sjúkdóm heldur leita ég skýringa í lífsreynslu fólks á að það misnotar efni til að breyta skynjun sinni og líðan,“ segir hún.

Móðir Sæunnar var níunda í röð fimmtán systkina og það hafði að mati Sæunnar áhrif á mótun persónu hennar. „Það er erfið að setja sig í spor þeirra sem eignast svo mörg börn og líka þeirra sem eru í stórum systkinahópi. Við mamma vorum mjög nánar og ég skynjaði sterkt að þessi glæsilega og hæfileikaríka manneskja glímdi alla tíð við mikla höfnunartilfinningu sem ég rek til barnæsku hennar,“ segir Sæunn, sem áður hefur skrifað bækurnar Hvað gengur fólki til? Leit sálgreiningar að skilningi. Árin sem enginn man og Fyrstu 1000 dagarnir.

Sterkar tilfinningar

Þegar hún er spurð hvernig það hafi verið að opinbera líf sitt og tilfinningar með því að skrifa svona opinskáa bók segir hún það ekki hafa verið auðvelt. „Enda tók það mig tólf ár að koma bókinni frá mér. Auðvitað var það stór ákvörðun að birta þessi skrif en þegar öllu var á botninn hvolft fannst mér sagan áhugaverð.

Hvort sem ég vinn með einstaklinga eða foreldra og ung börn er ég alltaf að skoða áhrif barnæsk-



Sæunn Kjartansdóttir rithöfundur hefur skrifað áhugaverða bók um móður sína sem var lengi í vinnslu.

unna. Með sögu okkar mömmu langaði mig að setja fræðilegt efni í persónulegt samhengi,“ segir Sæunn. Hún segir að sem barn hafi hún oft skammast sín fyrir móður sína því að hún hafi verið svo öðruvísi en hún geri það ekki lengur.

„Ég var oft sár og reið út í


mömmu, en mér fannst líka undurvænt um hana og þeim tilfinningum fann ég sterkt fyrir þegar ég fór að rýna í og rifja upp söguna hennar.“

Bókin hefur vakið verðskuldaða athygli, enda er ekkert dregið undan. „Ég hef fengið rosalega

sterk viðbrögð, jafnvel frá blá-ókunnugu fólki, sem segir að eftir lesturinn skilji það sína eigin foreldra og sjálft sig betur. Ég geng mjög nærri mömmu í bókinni en líka sjálfri mér, öðruvísi hefði ekki haft neinn tilgang með að skrifa hana.“


METSÖLULISTI EYMUNDSSON

13.11.19 – 19.11.19



1

Tregasteinn
Arnaldur Indriðason




2

Um tímann og vatnið
Andri Snær Magnason




3

Þögn
Yrsa Sigurðardóttir




4

Tilfinningabyltingin
Auður Jónsdóttir



5

Sölvasaga unglings
Arnar Már Arngrímsson



6

Hnífur
Jo Nesbø



7

Þinn eigin tölvuleikur
Evar Þór Benediktsson




8

Vængjabytur vonarinnar
Margrét Dagmar Ericsdóttir



9

Orri óstöðvandi -
Hefnd glæponanna
Bjarni Fritzson



10

Leikskólalögin okkar
Ýmsir höfundar



AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Íslendingar spenntastir fyrir spennusögum

Félag íslenskra bókaútgefanda lét fyrr á þessu ári framkvæma könnun á lestri og kaupum Íslendinga á bókum og hvers konar bækur væru vinsælastar auk annars. Bryndís Loftsdóttir segir að margt hafi komið sér á óvart.

Bryndís segir að í könnuninni megi finna margar áhuga-verðar upplýsingar. „Ég veit ekki til þess að áður hafi verið spurt hvað Íslendingar vilji helst lesa en niðurstaða könnunarinnar sýnir að yfirgnæfandi meirihluti lesenda sækir í spennusögur eða um 60 prósent. „Þetta sýnir styrkleika spennusögunnar sem hefur einmitt verið í mikilli þróun á liðnum árum. Til eru bóksalar sem greina spennusögur niður í allt að 20 mismunandi undirflokkar svo hér er engin jadarbókmenntagrein á ferð,“ segir hún. „Fólk mátti nefna fimm mismunandi bóka-flokkar sem það vildi lesa meira af og spennusögur komu þar sterkt fram hjá öllum hópum, óháð kyni og aldri. Þessi niðurstaða ætti að hjálpa þeim sem eru í vandræðum með jólagjafavalið, það eru yfirgnæfandi líkur á að spennusögur hitti í mark,“ segir Bryndís sem bendir á að í Bókatiðindunum sem

„Bókaunnendur þurfa að kynna sér þessa nýju höfunda því þetta eru meistaraframtíðarinnar.“

dreift var í hús í vikunni séu nítján nýjar, íslenskar spennusögur. „Að auki eru yfir þrjátíu þýddar glæpasögur svo úrvalið í þessum flokki er alveg glæpsamlega gott. Fyrir 30 árum, árið 1989, voru kynntar fimmtán glæpasögur í Bókatiðindunum og þar af aðeins tvær eftir íslenska höfunda. Alls voru 2.285 sem fengu senda könnunina og voru þeir 18 ára og eldri. Svarhlutfall var 56 prósent.

Heimsmet í lestri

Í könnuninni kemur glöggst fram að Íslendingar eru mikil bókaþjóð og halda enn heimsmetinu í

lestri. Bryndís segist frekar merkja aukinn lestur á liðnu ári. „Könnunin getur gefið útgefendum visbendingu um á hvaða bækur þeir ættu að leggja áherslu fyrir jölin,“ segir hún. „Rómantískar sögur voru til dæmis mjög vinsælar fyrir þrjátíu árum en þegar maður skoðar Bókatiðindi það ár voru mun fleiri ástarsögur gefnar út en spennusögur. Nú eru ástarsögur aftur að sækja í sig vedrið, en þær hafa, líkt og glæpasögurnar, þróast mikið á undanförunum árum og teygja sig nær fagurbókmenntum í gæðum.

Það er bara svo gott að setjast niður í friði og ró með nýja bók og leyfa höfundi að leiða sig inn í annan heim. Um leið er hægt að hvíla sig frá áreiti snjalltækja og óðlast frið frá flestum lífsins raunum,“ segir hún.

Meistaraframtíðarinnar

Bryndís segir að ný kynslóð



Bryndís starfar hjá Félagi íslenskra bókaútgefanda. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

öflugra rithöfunda sé að spretta upp. „Bókaunnendur þurfa að kynna sér þessa nýju höfunda því þetta eru meistaraframtíðarinnar. Þetta ár hefur verið gríðarlega sterkt skáldverka- og ljóðabókaár

og auk þess metútgáfa skáldverka fyrir börn upp í tólf ára. Bókin verður áfram langvinsælasta jólagjöf þjóðarinnar og jólabókaflóðið í ár er sannkallað skáldverkastórflóð.“



Steinunn segir myndlist að mörgu leyti áþekkt starfi rithöfundarinnar.

Margt líkt með skrifum og myndlist

Mér hefur verið sagt að Sterkasta kona í heimi sé aðgengilegasta bókin mín. Aðgengilegri en Samfedra og Raddir úr húsi loftskeytamannsins. Kannski er það rétt, segir rithöfundurinn og myndlistarkonan Steinunn G. Helgadóttir um sína þriðju skáldsögu sem kom nýverið út.

Steinunn segir sköpunarferlið hafa verið ánægjulegt.

„Það var alla vega gaman að „byggja“ þessa bók, reikna út burðarþol, smíða útskotsglugga með útsýni og setja svo inn þetta fólk, fólk mitt. Sterku konuna, Gunnhildi, sem montar sig aldrei af ofurkröftunum, sem er eftirsóttur líksnyrtir (því hún lætur allar sögur enda vel), sem er einstæð móðir, sem er söguhetjan í þessari bók. Og bróður hennar, sem ekki trúir lengur að mótmæli beri árangur en verður



engu að síður ófús foringi í samtíngslegum hópi aðgerðasinna auk viðskiptavina Gunnhildar sem hafa mikla þörf fyrir að tjá sig.“

Þá hefur Steinunn einnig starfað töluvert við myndlist sem hún segir að mörgu leyti áþekkt starfi rithöfundarinnar. „Ég finn ekki mikinn mun á að vera myndlistarmaður og rithöfundur. Þetta er alltaf spurning um að vinna vinnuna sína, hvernig sem þú

ert stemmd. Þú verður að trúa á það sem þú ert með í höndunum og höfðinu og mátt aldrei láta aðra teyma þig út fyrir það sem þú vilt og getur staðið við. Og þegar upp er staðið þarftu svo auðvitað að gefa öllum skotleyfi á það sem þú skapar, því hvort sem þú gerir myndverk eða skrifar þá er verkið aldrei tilbúið fyrir en það mætir lesandanum (eða hlustandanum eða sýningargestinum). Þá fyrst hefst samtalið.“



Sigrún Elíasdóttir segir góðan boðskap mikilvægan í barnabókum.

Góður boðskapur er mikilvægur

Rithöfundurinn Sigrún Elíasdóttir gaf út sína fyrstu barnabók á dögunum sem ber heitið Leitinn að vorinu. Hún segir að börn séu á vissan hátt kröfuharðari lesendur en fullorðnir.

„Ég myndi segja að það væri að mörgu leyti erfiðara að skrifa fyrir börn. Mörg nútímabörn hafa frekar litla þolinmæði og gera kröfu um hraða byrjun og atburðarás í bókum. Ef athygli þeirra er ekki gripin á fyrstu síðunum, snúa þau sér bara að einhverju öðru áhuga-verðara,“ segir Sigrún. „Það sama gildir um unga áheyrendur; það getur verið erfitt að halda athygli

þeirra með upplestri á bókum á meðan fullorðnir sitja yfirleitt kyrrir í sætunum sínum og grípa ekki fram í.“

Sonur Sigrúnar lagði henni lið við skrifin en hann er áhugasamur og fróður um kynjaverur af öllum toga. „Eldri sonur minn Ernir, sem er 13 ára, hefur alltaf verið mikill aðdáandi furðusagna, skrímsla, kynjaskapna og goðsögu-legra vera, kannski hann hafi erfitt það frá mér. Þær skepnur í bókinni

„Mér finnst líka mikilvægt að allir geti verið hetjur og hafi eitthvað til málanna að leggja við að leysa vandamál.“

sem ekki eru norrænar þjóðsagnaskepnur eru mestmegnis hannaðar af honum. Ef ég verð stopp í skrifum ræði ég iðulega við hann um hvað gæti gerst næst, hvaða veikleika skepna hafi svo hægt sé að sigra hana eða hvaða skýringu væri hægt að gefa á hinu eða þessu.“

Þá er boðskapur í barnabókum mikilvægur. „Í fjölskyldubókmenntum mætti alveg og ætti jafnvel að vera einhver góður boðskapur undir niðri, án þess þó að fara út í leiðinlegar predikanir. Ég fagna alltaf góðum undirtóni í bókum þegar ég les fyrir mín börn, það gefur aukna möguleika á góðum umræðum okkar á milli.

Í ímynduðum heimi eins og í Leitinni að vorinu er svo auðvelt að setja hlutina í annað samhengi en við höfum fyrir augunum alla daga og þannig er til dæmis hægt að benda á fáránleika óréttlætis eða misréttis. Mér finnst líka mikilvægt að allir geti verið hetjur og hafi eitthvað til málanna að leggja við að leysa vandamál. Enginn er fullkominn eða getur allt og það sem sumir telja galla á folki, geta líka verið helstu kostir þess.“



Leikur sér með prinsessuformið

Blær Guðmundsdóttir gaf nýlega út sína fyrstu bók, sem er barnabók sem byggir á ævintýri sem henni var sagt sem barn. Hún setur það í nýjan búning og leikur sér með kynjahlutverk og húmor.

Blær Guðmundsdóttir er höfundur bókarinnar Sipp, Sipp-sippanipp og Sipp-sippanipp-sipp-súrumsipp – systurnar sem ætluðu sko ekki að giftast prinsum, en hún er ætluð lesendum á aldrinum 5 til rúmlega 100 ára. Þetta er fyrsta bók Blævar. Hún hefur reyndar brotið um, hannað og myndskreytt bækur annarra höfundar, sem grafískur hönnuður, þar á meðal bækur föður síns.

„Pabbi minn var Guðmundur Páll Ólafsson rithöfundur og ég byrjaði í umbroti með honum þegar hann gerði bókina Hálandið í náttúru Íslands árið 2000,“ segir Blær. „Síðast gerðum við Vatnið í náttúru Íslands, síðustu bókina hans.“

Árið 2016 fór ég í teikni- og myndskreytingarnám í Myndlistaskóla Reykjavíkur og þar fæddist bókinn,“ segir Blær. „Þetta byrjaði sem verkefni þar sem ég var að búa til persónur í ævintýri, en ég byggði á gömlu ævintýri sem amma og mamma sögðu mér og mér þykir mjög vænt um. Þetta varð svo að útskriftarverkefni og nú er þetta orðið að alvöru bók.“

Ævintýrið fjallar um þrjár systur sem eru prinsessur og heita Sipp, Sipp-sippanipp og Sipp-sippanipp-súrumsipp. Í öðru ríki búa svo þrjú prinsar, sem heita Skrat, Skratskratarat og Skratskrataratskratskrumskrat og þau giftast öll hvort öðru,“ segir Blær. „Ég hef heyrt ævintýrið margoft en



Blær hefur starfað sem grafískur hönnuður árum saman, en þetta er fyrsta bókin hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

alltaf velt fyrir mér af hverju þau giftust og sagan fjallar um það. Ég set þetta í hendurnar á stelpunum og er að leika mér með kynjahlutverkin,“ segir Blær. „Þær eru ungar konur á framabraut og og hafa engan tíma fyrir prinsana að huga á að giftast þeim, en svo taka örlögin í taumana.“

Inn í þetta blandast jafnréttishugsun og sú hugsun að allir geti verið eins og þeir vilja og þurfi ekki að passa í staðlaða mynd. Ein prinsessan er til dæmis lögga,“ segir Blær. „Allar persónurnar eru sterkar á sinn hátt og það eru ekki alltaf prinsarnir sem eiga að koma á hvítum hesti og bjarga prins-

essunum. Eftir að þau giftast heldur lífið líka bara áfram að ganga sinn vanagang. Þannig að þetta er nútímaleg saga í klassískum gamaldags ævintýraadstæðum og ég leik mér með formið. Myndskreytingarnar, sem eru eftir mig, segja svo líka sína

eigin sögu sem bætist við textann sjálfan. Þú getur lesið helling af sögunni úr þeim og þar er alls konar húmor,“ segir Blær. „Kíminn í myndunum og textanum höfða vonandi einnig til fullorðinna sem lesa með barninu. Ég teiknaði myndirnar líka með það í huga að þú getur lesið söguna oft en samt fundið ný smáatriði í þeim sem þú sást kannski ekki fyrst.“

Á Bókamessunni ætlar Blær að lesa upp úr bókinni sinni í sögustund fyrir yngstu lesendurna sem verður á laugardaginn milli klukkan 14 og 15.30.



Gott að fá smá mold á hendurnar

Hilmar Örn Óskarsson hefur skrifað fremur krúttlegar barnabækur fram að þessu, en nýja bókin hans er fyrir ungmenni. Að sögn Hilmars er bókin myrk fantasía og forljót miðað við fyrri verk.

Hilmar Örn Óskarsson hefur skrifað nokkrar barnabækur en Húsið í september er hans fyrsta ungmennabók. Hún er mun myrkari en fyrri verk hans.

„Ég hef skrifað fjórar barnabækur um Kamillu Vindmyllu, sem eru fyrir um það bil 8 til 12 ára krakka og svo skrifaði ég líka eina litla bók, ásamt unnustu minni, Helgu Þóru Ármann, sem heitir Funi og Alda falda og er fyrir 6-9 ára börn. Ég hef líka unnið verðlaun fyrir glæpasmásögur,“ segir Hilmar. „Auk þess hef ég þýtt tvær bækur fyrir Bókabeituna, en allt sem ég skrifa kemur út undir þeirra merkjum.“

Það er alveg glænýtt fyrir mig að skrifa fyrir eldri hóp, en þessi nýja bók er frekar myrk fantasía, gufupönkuð og hryllileg,“ segir Hilmar. „Í raun er hún forljót miðað við það sem ég hef skrifað áður, fólk deyr alveg hægri og vinstri með hugvitssömum hætti, en mér finnst hún samt skemmtilega skritin og rosalega falleg á sama tíma.“

Ég vil ekki gefa of mikið upp varðandi söguþráðinn til að spilla honum ekki, en upphaflega hugmyndin sem ég hafði var í rauninni bara einhent stelpa sem þarf að fá nýjan handlegg og svo hlóð ég í kringum hana,“ segir Hilmar.

Ég myndi segja að lesendur ættu að vera orðnir að minnsta kosti 13 ára,“ segir Hilmar. „Kannski er ég svona mikið tepra eftir að hafa komið úr krúttlegu umhverfi Kamillu, því mér finnst þetta gróft, en þeir sem hafa lesið fullvissa mig um að þetta sé alveg við hæfi eldri barna.“

“Fólk deyr alveg hægri og vinstri með hugvitssömum hætti, en mér finnst hún samt skemmtilega skritin og rosalega falleg.“


Gaman að breyta til

„Mig langaði mikið til að gera eitthvað nýtt, í staðinn fyrir að halda mig við alltaf við það sama. Ég held líka að ég hafi viljað fá smá mold á hendurnar eftir að hafa verið svona lengi í krúttlegum hlutum,“ segir Hilmar. „Það var í raun hvatinn að því að ég skrifaði svona myrka sögu, það er gott að breyta til. Svona eins og að komast í jarðvegsvinnu annað slag við ef maður vinnur á skrifstofu allan daginn.“

Hilmar segir að það hafi verið allt öðruvísi að skrifa bók fyrir ungmenni en börn.

„Ekki síst af því að þetta er svo ólíkt því sem ég hef gert. Í bókunum um Kamillu voru þrjú brandarar á blaðsíðu en þessar persónur hafa ekki sérstaklega mikinn húmor og þetta er allt mun alvarlegra,“ segir hann. „Það hefur verið minn styrkleiki að vera fyndinn, en ég gat ekki hlaupið í það skjól í þessu verkefni, heldur þurfti ég að finna nýjar leiðir til að vera skemmtilegur og áhugaverður.“

Á Bókamessunni tekur Hilmar þátt í umræðu um ungmennabækur með öðrum höfundum. Umræðan fer fram á sunnudag milli 15-16.



Hilmar segir að það hafi verið allt öðruvísi að skrifa nýju bókina en barnabækurnar sem hann hefur skrifað hingað til. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Enginn þarf að vera feiminn við höfunda

Bókamessan er vettvangur til að hitta skemmtilegasta fólk í heimi; það sem les bækur,“ segir Lára Aðalsteinsdóttir, verkefnastjóri Reykjavík Bókmenntaborg Unesco.

Reykjavík varð Bókmenntaborg Unesco árið 2011, sú fyrsta í heiminum sem ekki var enskumælandi. Þá voru aðeins fimm borgir heimsins bókmenntaborgir en í dag eru þær orðnar 39 um allan heim,“ útskýrir Lára um þann mikla heiður sem Reykjavík var sýnd því færri borgir komast að en vilja verða Bókmenntaborgir Unesco.

„Sem Bókmenntaborg Unesco gefur Reykjavík loford um að styðja við orðlist í borginni. Það gerum við með margvíslegum hætti og er Bókamessan stærsti viðburður ársins en við gerum líka margt fleira sem skilgreinir okkur Reykjavík í gegnum orðlist, eins og að rista orðlist í gangstéttar borgarinnar og voru línur Vilborgar Dagbjartsdóttur úr ljóðinu Vetur ristar á nýtt torg Steinbryggjunnar í miðbæ Reykjavíkur í september,“ upplýsir Lára.

Höfundar vilja hitta lesendur
Á Bókamessunni er rithöfundum landsins, útgefendum og lesendum stefnt á einn og sama staðinn í Hörpu.

„Þar fá lesendur tækifæri til að hitta sína uppáhaldsrithöfunda í návígi og börnin fá skemmtilega og metnaðarfulla dagskrá við sitt hæfi. Við verðum í þremur rýmum, einu fyrir börnin og tveimur fyrir-

Rithöfundar koma gagnert í Hörpu til að spjalla við lesendur sína og þykir vænt um að lesendur nálgist þá.

lestrarýmum sem verða full af þéttri og heillandi dagskrá báða messudagana,“ upplýsir Lára um dagskrána sem byggist á upplestrum, umræðum við höfunda og tófrandi stemningu.

„Það þarf enginn að vera feiminn eða hikandi við að ganga upp að sinum eftirlætisrithöfundum því þeir koma gagnert í Hörpu til að spjalla við lesendur sína og þykir beinlínis vænt um að lesendur nálgist þá. Rithöfundar eru eins og aðrir, fólk sem þykir gott að vera í góðum, mannlegum samskiptum og Bókamessan býður upp á það,“ segir Lára og útilokar ekki að lesendur geti haft veruleg áhrif á verk höfunda sinna.

„Það er aldrei að vita nema hægt verði að hafa bein áhrif á söguþráðinn í næstu bók Arnaldar eða Yrsu og í raun þyrftum við að skrá niður þær mörgu frábæru hugmyndir sem höfundar fá frá

gestum bókamessunnar. Lesendum gefast líka fágætt tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri við útgefendur og má alveg geta sér til að út hafa komið bækur í kjölfar Bókamessunnar því gestir hennar leggja til svo margt skemmtilegt og gagnlegt og það er það sem gerir Bókamessuna svo sérstaka; þetta beina samband á milli útgefenda, rithöfunda og lesenda,“ segir Lára.

Frjó og kraftmikil ljóðskáld

Þeir sem eiga ekki heimangengt á Bókamessuna geta fengið smjörþefinn af henni í beinni útsendingu á Rás 1 á laugardaginn klukkan 15 og 16.

„Á Bókamessuna koma um flestir sem gefa út bækur fyrir þessi jól. Þeir hafa tekið þessa helgi frá og vilja hvergi vera nema í Hörpu þar sem margir af helstu höfundum landsins lesa úr bókum sínum og eiga í samskiptum við lesendur. Söguþráður Bókamessunnar er svo jafnan óvæntur og spennandi því alltaf dúkka upp óvæntir höfundar og víst að margar góðar og ósagðar sögur verða sagðar,“ segir Lára, full tilhlökkunar.

„Á sunnudag verður ljóðaupplestur allan daginn og markar þá miklu sprengingu sem hefur orðið í ljóðabókaútgáfu en við höfum aldrei verið með jafn marga höf-



Við munum fylla Flóa af bókum og bókafélki, skemmtilegasta fólk í heimi á Bókamessunni, segir Lára Aðalsteinsdóttir í Flóanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

unda að lesa upp ljóð. Ljóðið er afar sterkt á Íslandi og við sjáum ekki þessa aukningu á ljóðabókum á mörgum stöðum í heiminum. Frakkar til dæmis syrgja ljóðið þar sem það hefur mikil dalað en hér eru ung, frjó og kraftmikil ljóðskáld sem næra okkur í haustmyrkrinu og gæði íslenskra ljóðabóka hafa sjaldan verið eins mikil,“ segir Lára og hvetur sem flesta til að koma í Hörpu um helgina.

„Bókamessan er staðurinn

til að kaupa jólabækur á góðu verði og eiga stefnumóti við alla höfundana sem vitaskuld árita bækurnar. Stemningin er mannleg og skemmtileg, allir eru jafnir og enginn frægari en annar og allir til í að rabba saman.“

Dagskrá Bókamessunnar er á bokmenntaborgin.is, inni í Hörpu og í Fréttablaðinu. Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir á frábæra dagskrá við allra hæfi.

Örvæntingarpögnin var rofin

Fyrstu setningar í skáldsögu eiga að kveikja áhuga lesandans. Hér eru sýnishorn af fyrstu setningum í nokkrum skáldsögum íslenskra höfunda fyrir þessi jól. Svo er að geta upp á því rétta!

Skáldsögurnar sem hér er vitnað í eru:

Aðferðir til að lifa af eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur, Delluferðin eftir Sigrúnu Pálsdóttur, Helköld sól eftir Lilju Sigurðardóttur, Hvítidaudi eftir Ragnar Jónasson, Innflytjandinn eftir Ólaf Jóhann Ólafsson, Korngult hár grá augu eftir Sjón, Tregasteinn eftir Arnald Indriðason og Þögn eftir Yrsu Sigurðardóttur.

1 Sturtan var mun heitari en Númi átti að venjast. Hann forðaðist öfgar. Hann var ekki hrifinn af mjög sterkum mat, sjósundi, háværi tónlist, crossfit,



neon-litum, tekilaskotum eða neinu sem gekk skrefinu lengra en nauðsynlegt var. Drama þar með talið. Hann þoldi ekki drama.

2 Móða fellur á svala rúðuna þar sem kinn og munnur nema við glerið.

Þegar horft er á manninn frá klefadyrunum rennur spegilmynd hans saman við brautarstöðina; dyrnar út á pallinn, klukkuna á múrsteinsveggnum til hliðar við þær og skyggnið sem veitir ferðalöngum skjól fyrir heitri ágústsólinni.

3 Borðplatan var úr ljósum víði og virtist óskemmd þar til komið var alveg upp að henni og horft á ská. Í harðri birtunni sem barst inn um gluggann saúst glærir glasahringir.

4 Örvæntingarpögnin var rofin. Einhver var fyrir utan og bankaði, nokkuð harkalega, hafði eflaust reynt að hringja dyrabjöllunni nokkra stund en bjallan var biluð.

5 Hann hagræddi sér á hvössu hraungrytinu, náði jafnvægi og teygði sig í höndina sem stóð út úr ferðatöskunni.

6 Og þarna stóð unga konan við stofugluggann og horfði út í kvöldmyrkrið. Hún reykti sigarettu og blés reyknun makindalega frá sér og útlínur hennar voru greinilegar í daufri skimunni sem barst innan úr íbúðinni.

7 Febrúarlægð. Bálvíðri. Götur auðar á meðan vindurinn æðir með snjóinn um borgina og þrifur nakin tré í gördum, gripur pappakassa og öskutunnur, barnavagn sem gleymst hefur að koma í skjól, auglýsingaskilti við veitingastaðinn handan við torgið, skó sem skilinn hefur verið eftir á berangri, af hægra fæti, svartan, með lágum hæl.

8 Hljóðið barst neðan úr stofunni. Skringilegt mannamál. Eitt augnablik var ég viss um að mig væri að dreyma, því ég skildi ekki orð af því sem sagt var.

SAGNASNILLD

BRAGI Í FANTAFORMI!

STAÐA PUNDSINS – SJÁLFSÆVISAGA EN EKKI MÍN EIGIN
EFTIR BRAGA ÓLAFSSON.

Einn slyngasti skáldsagnahöfundur þjóðarinnar fer á kostum í sögu sem þó er ekki nema hálf – eins og allar sögur. Þetta er saga um móður og son, sem gat ekki hafist fyrr en faðirinn á heimilinu vék úr vegi þeirra ...




ARNASYNIR



7.

Metsölulisti
Eymundsson
Skáldverk



STÓRSKEMMTILEG BÓK!

SÓLARHRINGL EFTIR HULDAR BREIÐFJÖRÐ

„Stundum var eins og Reykjavík væri ekki staður heldur frekar veður ...“ Í bókinni Sólarhringl skoðar Huldar Breiðfjörð samband Íslendingansins við heimkynni sín. Er lífið kannski betra á Kanaríeyjum? Hann segir frá á látlausan en íhugulan hátt og hrífur lesandann með sér í leit að upplifunum og einhvers konar svari við spurningunni um hvað það er að vera Íslendingur.



VELKOMIN Á BÓKAMESSU Í HÖRPU UM HELGINA

23. OG 24. NÓVEMBER

LAUGARDAGUR

- 11:00-17:00 UNDRALAND BÓKANNA HJÁ SLEIPNI**
í Flóa **Bókasmakk fyrir krakka á öllum aldri**
Nýjustu barna- og ungmennabækurnar á einum stað til að fletta, skoða og lesa.
- 13:00-13:25 BYRJADU AÐ HLAUPA**
Ríma A Arnar Pétursson kynnir **Hlaupabókina**.
- 13:00-13:40 SÖGUR MÆÐRA OKKAR**
Ríma B Sæunn Kjartansdóttir (**Óstýriláta mamma mín... og ég**) og Sigríður Kristín Þórgrímsdóttir (**Jakobína - saga skálds og konu**) ræða um bækur sínar.
- 13:00-13:25 TÍMI TÖFRAMANNA**
Ríma A Arthúr Björgvin Bollason spjallar um þýðingu sína á metsölubókinni **Tími töframanna - Áratugur hinna miklu heimspekinga 1919-1929**.
- 13:30-13:55 UNDRALAND BÓKANNA HJÁ SLEIPNI**
í Flóa **Perlustund**
Eva Einarsdóttir og Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir perla með ungum messugestum og segja sögur af Sögu.
- 14:00-14:50 DULARFULLT FÓLK?**
Ríma A Marianna Clara Lúthersdóttir fær til sín höfundana Bergþóru Snæbjörnsdóttur (**Svínshöfuð**), Braga Ólafsson (**Staða pundsins**), Kristínu Ómarsdóttur (**Svanafólkið**) og Sjón (**Korngult hár, grá augu**).
- 14:00-14:25 STÖNGIN ÚT**
Ríma B Magnús Guðmundsson og Halldór Einarsson (Henson) ræða um bókina **Stöngin út**.
- 14:00-15:30 UNDRALAND BÓKANNA HJÁ SLEIPNI**
í Flóa **Sögustund fyrir yngstu lesendurna**
Blær Guðmundsdóttir (**Sipp, Sippsippanipp og Sippsippanippsippsúrumsipp**).
Eva Einarsdóttir (**Saga um þakklæti**).
Sigrún Eldjárn (**Sigurfljóð í grænum hveli**).
Æsa Guðrún Bjarnadóttir (**Risaeðlugengið - Eggið þýðing**).
Birgitta Haukdal (**Gamlárskvöld með Láru**).
Þórarinn Eldjárn (**Hver vill hugga krilið?**) þýðing.
- 14:30-14:50 MEÐ SIGG Á SÁLINNI**
Ríma B Sagnameistararnir Einar Káason og Friðrik Þór Friðriksson.
- 15:00-15:50 LÍFSSAGA / SKÁLDSAGA**
Ríma A Björn Halldórsson spjallar við höfundana Auði Jónsdóttur (**Tilfinningabyltingin**) og Björgu Guðrúnu Gísladóttur (**Skuggasól**).

Opið frá kl.
11:00 – 17:00
báða dagana

Aðgangur
ókeypis

- 15:00-16:00 ORD UM BÆKUR Í BEINNI**
Ríma B Útvarpskonan vinsæla Jórunn Sigurðardóttir sest niður með rithöfundum og spjallar við gesti bókamessu.
- 15:00** Jórunn ræðir við Brynju Hjálmsdóttur (**Okfruman**), Pedro Gunnlaug García (**Málleysingarnir**) og Jónas Reyni Gunnarsson (**Þvottadagur**).
- 15:40** Jórunn spjallar við Friðu Ísberg (**Leðurjakkaveður**), Soffíu Bjarnadóttur (**Hunangsveiði**) og Vigdísu Grímsdóttur (**Systa**).
- 15:30-16:00 UNDRALAND BÓKANNA HJÁ SLEIPNI**
í Flóa **Skuggahliðin jólaanna**
Eva María Jónsdóttir og Rósa Þorsteinsdóttir lesa, kveða og spjalla um bók sína **Skuggahliðin jólaanna** sem þær settu saman úr gömlum þulum og sögum um jólin sem til eru hljóðritaðar á Árnastofnun.
- 16:00-16:30 Fyrstu mánuðirnir – ráðin hennar Önnu ljósu.**
Ríma A Sylvía Rut Sigfúsdóttir spjallar við Önnu Eðvaldsdóttur ljósmóður um líf hennar og störf.
- 16:05-16:30 Máttur hjartans – Sjáðu fyrir þér**
Ríma B Guðni Gunnarsson kynnir nýjusta bók sína **Máttur hjartans – Sjáðu fyrir þér**.




Taktu þátt í
jólabókaflóðinu í
Hörpu, lífleg og
spennandi
dagskrá alla
helgina

Barna-
bókasmakk
fyrir nýja
lesendur



Reykjavík
Bókmenntaborg
UNESCO
City of Literature

FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA



Jóla- bækurnar á Bókamessu- verði

SUNNUDAGUR

11:00-17:00 UNDRALAND BÓKANNA HJÁ SLEIPNI
í Flóa **Bókasmakk fyrir krakka á öllum aldri**
Nýjustu barna- og ungmennabækurnar á einum stað til að fletta, skoða og lesa.

13:00-13:50 HLJÓÐBÓKABYLTINGIN
Ríma B Sigríður Kristjana Ingimarsdóttir
bókmenntafræðingur spjallar við þau Stefán Hjörleifsson framkvæmdastjóra Storytel á Íslandi, Ragnar Jónasson rithöfund og Sölkú Sól Eyfeld stórnotanda hljóðbóka um hljóðbókabyltinguna sem fer um heiminn um þessar mundir.

13:00-13:50 JÓLASTUND MEÐ JÖNU
í Flóa Jana María Guðmundsdóttir fönndrar með börnunum út frá bók sinni **Töfrandi jólastundir með börnunum**.

13:30-13:55 LJÓÐ Í STAFRÆNU FORMI
Ríma A Anton Helgi Jónsson kynnir ljóðavefinn *anton.is* og spáir í möguleika ljóðsins á stafrænu formi.

14:00 - 17:00 LJÓÐAUPPLESTUR
Ríma A Ljóðasenan er einstaklega kraftmikil um þessar mundir og mun úrval skálda lesa upp úr nýjum ljóðabókum á messunni. Njóttu þess að hlusta á ljóðaflutning, hvort sem þú staldrar stutt við eða lengur.

14:00 Brynja Hjálmsdóttir (**Okfruman**), Brynjólfur Þorsteinsson (**Þetta er ekki bílastæði**), Fríða Ísberg (**Leðurjakkaveður**), Gerður Kristný (**Heimskaut**), Hildur Eir Bolladóttir (**Líkn**), Þórdís Gísladóttir (**Mislæg gatnamót**).

15:00 Harpa Rún Kristjánsdóttir (**Edda**), Valdimar Tómasson (**Ljóð 2007 – 2018**), Sigurlín Bjarney Gísladóttir (**Undrarýmið**), Bubbi Morthens (**Velkomin**), Þórarinn Eldjárn (**Til í að vera til**).

16:00 Einar Már Guðmundsson (**Til þeirra sem málið varðar**), Hanna Óladóttir (**Stökkbrigði**), Guðrún Rannveig Stefánsdóttir (**Vökukonan í Hólavallagarði**), Ragnheiður Harpa Leifsdóttir (**Sítrónur og náttmyrkur**).

Allar
bækur ársins
á einum
stað

14:00-14:55 LOFTSLAGSMÁL OG BÓKMENNTIR
Ríma B Sverrir Norland sest niður með rithöfundunum Hildi Knútsdóttur (**Nornin**), Kristínu Helgu Gunnarsdóttur (**Fjallaverksmiðja Íslands**) og Steinunni Sigurðardóttur (**Dimmumót**) til að ræða hlutverk bókmennta í að skapa umræðu um umhverfismál.

14:00-14:50 UNDRALAND BÓKANNA HJÁ SLEIPNI
í Flóa **Teiknismiðja RÓ**
Bergún Íris Sævarsdóttir og Eva Rún Þorgeirsdóttir kynna bókina **RÓ** og bjóða krökkum í teiknistund.

15:00-16:00 AÐ KENNA Á LÍFID
Ríma B Katrín Lilja Jónsdóttir ræðir um ungmennabækur við höfundana Ármann Jakobsson (**Bölvun múmiunnar**), Brynhildi Þórarinsdóttur (**Ungfrú fótbolti**), Ragnheiði Gestsdóttur (**40 vikur**), Ragnhildi Hólmgeirsdóttur (**Villueyjar**) og Hilmar Örn Óskarsson (**Húsið í september**).

15:00 UNDRALAND BÓKANNA HJÁ SLEIPNI
í Flóa **Sögustund fyrir hressa krakka**
Arndís Þórarinsdóttir (**Nærbuxnanjósarnarnir**), Bergún Íris Sævarsdóttir (**Langelstur að eilífu**), Þórdís Gísladóttir (**Randalín, Mundi og leyndarmálið**), Árni Arnason (**Friðbergur forseti**), Snæbjörn Arngrímsson (**Rannsóknin á leyndardómum eyðihússins**).

BÓKATÍÐINDI VERÐA Á BÓKAMESSUNNI



BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Blómlegur útflutningur íslenskra bókmennta

Hrefna Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri Miðstöðvar íslenskra bókmennta, segir útflutning íslenskra bókmennta ganga vel. Mikill áhugi er á Íslandi og íslenskum bókmenntum erlendis og íslenskar bækur hafa verið þýddar á fjölda tungumála.

Miðstöð íslenskra bókmennta vinnur meðal annars að því að koma íslenskum bókmenntum á framfæri erlendis. Hrefna segir íslenskar bókmenntir vera á mikilli siglingu erlendis og nefnir sem dæmi að á síðasta áratug hafi orðið þreföldun í þýðingu íslenskra bókmennta á erlend tungumál.

„Og núna á síðustu þremur árum hafa komið út, eða eru væntanlegar, hátt í 50 íslenskar bækur þýddar á frönsku, 40 á ensku, yfir 60 á norræn mál og um 40 á þýsku svo eitthvað sé nefnt,“ segir Hrefna.

Hún segir að margir íslenskir rithöfundar séu með alþjóðlega umboðsmenn sem koma þeim á framfæri, en ekki megi gleyma þýðendum sem eru lykilmál til útflutnings bókmenntanna. „Við leggjum mikla rækt við og áherslu á gott samstarf við þá,“ segir Hrefna. „Við höldum til dæmis

reglulega alþjóðleg þýðendaþing hér á landi, fyrir þýðendum alls staðar að sem eru að þýða íslenskar bókmenntir beint úr íslensku yfir á sitt móðurmál.“

Íslenskar bækur á fimmtíu tungumálum

Allt í allt hafa íslenskar bókmenntir verið þýddar á um 50 tungumál. „Það er ansi góð útbreiðsla og er mjög mikilvæg fyrir höfundar sem skrifa á tungumáli sem ekki nema 360.000 manns lesa. Lesendahópurinn margfaldast um leið og bókin er komin á annað tungumál. Þess vegna eru þýðendur afar mikilvægir og við getum seint fullþakkað þeim fyrir það merka starf sem þeir vinna,“ segir Hrefna.

Enn einn liður í því að vekja athygli á starfi þýðenda og hvetja þá til dáða er heiðursviðurkenningin Orðstír sem Miðstöð íslenskra bókmennta og fleiri veita þýðendum annað hvert ár. Þá fá



Hrefna segir íslenska rithöfundar vinsæla og eftirsóttá gesti á bókmenntaviðburðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Góðar bókmenntir vekja alltaf athygli og áhuga. En það er líka mikill áhugi á landinu sjálfu og íslenskri tungu

menningunni hér og höfundinum sem þeir eru að þýða,“ segir Hrefna.

Höfundarnir eftirsóttir gestir víða um heim

Útflutningur íslenskra bókmennta er blómlegur og segir Hrefna ekkert lát vera þar á. Miðstöð íslenskra bókmennta tekur reglulega þátt í alþjóðlegum bókamessum þar sem fólk alls staðar að úr heiminum vill kynna sér hvað er að gerast í bókmenntaheiminum á Íslandi.

„Góðar bókmenntir vekja alltaf athygli og áhuga. En það er líka mikill áhugi á landinu sjálfu og íslenskri tungu. Það er margt sem leggst á eitt og gerir það að verkum að áhugi á íslenskum bókmenntum hefur aukist,“ segir Hrefna.

Reglulega er Íslandi boðið að vera heiðursland á bókamessum hér og þar í heiminum. „Á þessu

ári vorum við heiðursland á stórrí bókamessu í Gdansk í Póllandi. Þangað var íslenskum höfundum boðið og mjög vel gert við þá en bækur þeirra allra hafa verið þýddar á pólsku,“ segir Hrefna.

Hún nefnir einnig að Ísland hafi nýlega fengið boð um að taka þátt í stórrí bókamessu í Kanada og vera heiðursland með öðrum Norðurlöndum í Kólumbíu og víðar.

„Íslenskir höfundar eru vinsælir og eftirsóttir gestir á bókmenntaviðburðum víða um heim að koma fram og tala um bækur sínar og margir eiga tryggja lesendur utan landsteinanna. Auk sinna eigin verka tala þeir líka um íslenskar bókmenntir almennt en áhugi á eldri íslenskum bókmenntum og fornbókmenntum er mikill. Það er sömi að íslenskum rithöfundum sem fulltrúum okkar erlendis,“ segir Hrefna að lokum.

Börn sem lesa bækur betri í ritun

Nútímafólk lifir í samfélagi sem gerir miklar kröfur til góðrar lestrarkunnáttu. Það er því mikilvægt að börn læri snemma að meta bækur og lesi sér til gagns.

Börn sem uppgötva að lestur bóka er skemmtilegur verða fyrri til og betri að skrifa texta en þau sem hafa engan áhuga á bókum. Börn sem búa í tungumálaörvandi umhverfi eru einnig fyrri til að ná tökum á lestri. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem norskur prófessor, Hilde Traavik, hefur komist að. Hún hefur skrifað nokkrar fræðigreinar og bækur sem tengjast lestrarkennslu og ritun.


Ef börn lesa ekki bækur eiga þau á hættu að rita eingöngu talmál þegar þau þurfa sjálf að tjá sig í rituðu máli. Bóklesur eykur orðaforða þeirra og rithæfni,



Það er óvenju mikið úrval af góðum barnabókum að koma út fyrir jólin.

eftir því sem Hilde hefur komist að. „Mjög mikilvægt er að örva börn til lesturs, bæði í kennslustundum og frítíma. Nemendur sem bjóða sig fram til að lesa í að minnsta kosti klukkustund á dag skora hátt í lestrarprófum. Drengir sem lesa ekkert umfram það sem þeim ber skylda til í námi skora lægst. Börnin sem eru dugleg við lestur bóka eru að jafnaði líka góð í stafsetningu. Orðin greypast í minnið,“ segir Hildi í grein sem birtist á forskning.no.

Í leikskóla í Bergen hefur mikil áhersla verið lögð á að leika með stafi til málörvunar, líka hjá þeim allra yngstu. Allt er gert til að þróa málvitund barnanna sem hefur skilað sér í því að þau eru mörg orðin læs þegar þau byrja á skóla. Hilde leggur mikla áherslu á að aðstoða börn snemma með stafi og lestur. Það sé alltaf til góðs. Þá þykir alltaf mjög gott að örva lestraráhuga barna með því að lesa fyrir þau skemmtilegar barnabækur.



BARÁTTUSAGAN SEM ALDREI VAR SÖGÐ

„SAGA SEM SNART HJARTA MITT“

Með óbilandi kjarki, jákvæðni og þrautseigju tókst Margrét Dagmar Ericsdóttir á við hið ómögulega – þar sem engin fórn var of mikil. Í þessari **áhrifamiklu** bók segir hún frá glímu fjölskyldu við erfiðleika sem virtust óyfirtíganlegir, hún lýsir beint frá hjartanu **sársauka og sorg** en líka **gleði og sigrum** – og því hvernig vængjabytur vonarinnar hvarf henni aldrei.

2.

Metsölulisti
Eymundsson

Handbækur /
Fræðibækur /
Ævisögur



„ÞÚ BREYTTIR
LÍFI MÍNU“

KATE WINSLET UM
SÖGU MARGRÉTAR

„Þú breyttir lífi mínu. Saga þín eflir mig sem móður og manneskju. Þakka þér fyrir að hjálpa mér að þroskast. Það ert þú sem hefur töfrana. Þú kennir mér svo margt á hverjum degi.“

– Kate Winslet um sögu Margrétar

„Hetjusagan um Margréti; konuna sem barðist fyrir son sinn; opnaði dyr sem allir töldu lokaðar; saga sem snart hjarta mitt; mögnuð og hrifandi. Lestur bókarinnar gerir okkur að betri manneskjum.“

Dorrit Moussaieff um sögu Margrétar



Á bókamessum gefst einstakt tækifæri fyrir lesendur til að ræða við höfunda og jafnvel fá áritun.

Messað síðan á tímum Gutenbergs

Bókamessur eru víðar en í Reykjavík. Bókamessan í Frankfurt er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum. Halldór Guðmundsson var þar þegar Ísland var heiðursgestur á hátíðinni 2011.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Bókamessan í Reykjavík hefur verið haldin síðan 2011 og er orðin ómissandi hluti af jólaundirbúningi margra landsmanna. Þar er ljúft að láta sig fljóta milli bása, reka nefið ofan í spennandi nýja bók, rekast jafnvel á höfundinn og spyrja viðkomandi spjörnum úr (innan velsæmismarka auðvitað) og svo bjóða útgefendur margir upp á eitthvað gott að narta í. Þá eru bækur að sjálfsögðu til sölu og hægt að fá áritað eintak ef heppnin er með.

Bókamessur eru haldnar úti um allan heim og gríðarlega vinsælar, bæði hjá hagsmunaaðilum eins og útgefendum og höfundum en ekki síður hjá bókelskum almenningi. Alþjóðlegar bókamessur eru mikilvægur staður til að mynda tengsl og kynna sér hvað er á döfinni. Þær eru á stundum einnig markaðstorg þar sem bókaútgefendur hvaðanæva kynna bækur sínar og stundum myndast jafnvel spennandi aðstæður þar sem fleiri en eitt forlag berjast um réttinn að bók sem áætlað er að gæti orðið vinsæl.

Bókamessan í Frankfurt er stærsta bókamarkaðstorg heims, bæði hvað varðar fjölda bókaútgáfa sem eiga þar fulltrúa, fjölda gesta og mikilvægi fyrir alþjóðleg bóka- viðskipti. Hún er haldin um miðjan október og stendur í fimm daga. Messan hefst á miðvikudegi og eru fyrstu þrjú dagarnir einvörðungu fyrir samskipti bókafélks hvaðanæva úr heiminum. Þá skiptast

útgefendur á titlum, höfundar eru kynntir fyrir umbodsmönnum og útgáfuréttur er keyptur og seldur í þúsundavís um helgina kemur svo almenningur í hundruðum þúsunda og skoðar bækur og bása, útgefendur og höfunda. Íslendingar hafa verið drjúgir í þátttöku sinni á bókamessunni og margir íslenskir höfundar fundið sinn hljómgrunn á öðrum málsvæðum einmitt þar, vakið athygli útgefenda og umbodsmanna og bækur þeirra í kjölfarið komið út á öðrum og stærri mörkuðum, bæði höfundunum sjálfum og ekki síður landi og þjóð til heilla.

Hátíðin hefur valið eitt land eða málsvæði sem heiðursgest síðan árið 1976. Heiðursþátttökan felst í því að sérstök áhersla er lögð á bókmenntir viðkomandi málsvæðis með ýmsum hætti, til að mynda með upplestrum, listsýningum, pallborðsumræðum, leikhúsuppfærslum og sjónvarps- og útvarpsþáttum. Sérstakur sýningarsalur er settur upp þar sem stærstu útgáfufyrirtæki landsins eiga fulltrúa og rithöfundar viðkomandi málsvæðis fá sérstaka athygli.

Halldór Guðmundsson kom fyrst á bókamessuna í Frankfurt árið 1985 og hefur síðan sótt hana reglulega, sem útgáfustjóri, rithöfundur og áhugamaður um bókmenntir. Hann stýrði heiðursþátttöku Íslendinga þar árið 2011 og Norðmanna nú í október 2019. „Bókamessan í Frankfurt hefur sennilega verið til allt frá tímum Gutenbergs,“ segir Halldór sem starfaði lengi sem útgáfustjóri Máls og menningar og seinna Eddu útgáfu og hefur því sótt hátíðina í ýmsum hlutverkum. „Hún var endurreist eftir seinni



Halldór Guðmundsson á bókamessunni í Frankfurt í síðasta mánuði þar sem hann stýrði heiðursþátttöku Norðmanna.

„Það má því með sannni segja að Íslendingar hafi nýtt tækifærið vel en þeir voru fyrstir Norðurlandþjóða til að fá boð um að vera heiðursgestir bókamessunnar.“

heimsstyrjöld og varð fljótlega mikilvægasta bókamessa heims á sviði réttindasölu, en það eru meðal annars kaup og sala á þýðingarrétti.“ Hann segir að Íslendingar hafi snemma farið að taka þátt í sýningunni, til dæmis hafi bæði Mál og menning og Almenna bókafélagið sent fulltrúa þangað á


sjöunda áratugnum, meðal annars til að selja bók um Surtsey, en gosið þar hafði þá komið Íslendingum í heimsfréttirnar. „Síðar settu íslensk forlög upp bása á sýningunni til að koma bókmenntum sínum á framfæri og bættust þar með í hóp sjö þúsund sýnenda frá meira en eitt hundrað þjóðum, sem að jafnaði sýna í Frankfurt,“ segir Halldór, sem árið 2008 var ráðinn verkefnisstjóri verkefnisins Sögueyjan Ísland þegar Ísland var heiðursgestur bókamessunnar 2011. Verkefnið var stórt og tók þrjú ár í undirbúningi enda voru þegar upp var staðið um 200 íslenskir titlar gefnir út á þýsku það ár auk þess sem á þriðja hundrað viðburða fóru fram til kynningar á íslenskri menningu í Þýskalandi, Austurríki og Sviss í tengslum við Bókamessuna auk þess sem Sögueyjan blés til yfirgripsmikillar menningardagskrár í öllum helstu söfnum

Frankfurtborgar þar sem íslensk myndlist, dans, tónlist, byggingarlist, hönnun og ljósmyndir voru í aðalhlutverki.

Það má því með sannni segja að Íslendingar hafi nýtt tækifærið vel en þeir voru fyrstir Norðurlandþjóða til að fá boð um að vera heiðursgestir bókamessunnar. „Íslenskir útgefendur hafa æ síðan sameinast um bás á sýningunni, þótt auðvitað sé misjafnt hvað menn hafa sig þarna mikið í frammi; sumir selja, aðrir kaupa,“ segir Halldór og bætir við: „Messan reynir sjálf að skilgreina réttindasölu mun víðar en áður, og horfir æ meir til rafbóka, hljóðbóka, kvikmynda og sjónvarps: vettvangurinn þar sem hægt er að koma göðum sögum á framfæri fer nefnilega stækkandi, ekki minnkandi. Þess vegna held ég að messan muni áfram vera íslenskum útgefendum og höfundum mikilvæg.“

Sagnasjóður handa nýrri öld

Íslendingasögur og þættir
í nýrri og glæsilegri fimm binda heildarútgáfu



Ritstjórar útgáfunnar eru Aðalsteinn Eyþórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Útgáfan er skreytt 40 myndum eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund.

Útgáfan er aðgengileg og læsileg, sögurnar 40 og þættirnir 51 eru á nútímastafsetningu og þeim fylgja ítarlegir formálar sem greiða götur um veröld sagnanna, vandaðar orðskýringar, vísenskýringar og nafnaskrá auk greina og mynda sem varpa ljósi á húsakost og híbýli, skip og siglingar, vopn og verjur. Þá fylgir útgáfunni

sagnalykill sem nýtist þeim sem vilja skyggjast dýpra í sagnaheiminn, skoða sambærilega þætti í fleiri en einni sögu, hvort sem áhuginn beinist að bardögum og vígum, haugum, dysjum og helgum fjöllum eða útræði og hlunnindum, aflraunum og líkamsburðum eða draugum og reimleikum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Bækurnar fimm eru einstaklega vandaðir prentgripir

SAGA
FORLAG

sími: 8937719 • 5627950

Faldar perlur í bókaflóðinu

Fréttablaðið sér ástæðu til að minna á nokkrar klassískar perlur sem eiga skilið að fá athygli í bókaflóðinu.

Aragrúi bóka kemur út fyrir þessi jól og ekki fá þær allar ríflega athygli. Ekki er gott ef góðar bækur fara fram hjá öflugum lestrarhestum.

Glæsilegur Potter

Fáir barnabókahöfundar hafa glatt æsku heimsins í jafn rikulegum mæli og J. K. Rowling með bókum sínum um Harry Potter. Tuttugu ár eru síðan fyrsta bókin um galdrastrákinn kom út á íslensku, Harry Potter og viskusteinninn. Af því tilefni er komin út einkar glæsileg útgáfa af bókinni með myndum eftir Jim Kay. Hann er virtur myndskreytir og myndskreytti til dæmis á listilegan hátt Skrimslíð kemur eftir Patrick Ness sem kom út í íslensku þýðingu fyrir örfáum árum. Myndir hans í þessari bók eru hreint stórkostlegar og minna á hversu mikil upplifun það er að lesa dásamlega barnabók með myndum sem styðja vel við söguna og auka á upplifunina.

Harry Potter og viskusteinninn er ævintýrarak, spennandi og myndin bók sem gleður alla sem eru svo lánsamir að hafa varðveitt barnið í sér.

Gefandi lestur

Smásögur heimsins er ritröð þar sem er að finna íslenskar þýðingar á smásögum

úr öllum heimsins hornum. Í nýjasta bindinu, því fjórða í röðinni, er að finna á annan tug smásagna frá Afríku. Á undan hverri sögu er sagt frá viðkomandi höfundi og verkum hans í stuttum og skýrum texta.

Meðal höfunda eru nokkrir Nóbelsverðlaunahafar, Nadine Gordimer, Naguib Mahfouz og J. M. Coetzee. Aðrir eru ekki vel þekktir eins og Fatmata A. Conteth sem á eina eftirminnilegustu sögu bókarinnar, Bréf til systra minna, en þar skrifar múslimakona, sem svipta á frelsi sínu, átakanlegt

bréf þar sem hún skýrir frá áformum sínum. Önnur áhrifamikil saga í látleysi sínu er Professorinn eftir Edwige-Renée Droum einstakt samband kennara og nemanda. Þetta er bók sem unnendur góðs skáldskapar eiga ekki að láta fram hjá sér fara.

Ómóttæðilegar sögur




Hinir heillandi múmínálfar Tove Jansson mæta til leiks í stórbók sem hefur að geyma þrjár sögu: Minningar múmínabba, Órlaganóttina og Vetrarundur í Múmín-



Daniel Radcliffe sem Harry Potter.



Howard-castali í Yorkshire var hluti af söguviði Brideshead Revisited í samnefndum sjónvarpsþáttum.



Svör við getraun

1. Þögn: Yrsa Sigurðardóttir
2. Korngult hár grá augu: Sjón
3. Aðferðir til að lifa af: Guðrún Eva Mínervudóttir
4. Hvítidaði: Ragnar Jónasson
5. Helköld sól: Lilja Sigurðardóttir
6. Tregasteinn: Arnaldur Indriðason
7. Innflytjandinn: Ólafur Jóhann Ólafsson
8. Delluferðin: Sigrún Pálsdóttir

JÓLAGJÖF VEIÐI-MANNSSINS!

KOMDU OG FÁÐU ÁRITAÐA BÓK!

Sigurður Héðinn áritar bók sína á laugardag kl. 13-16 á bás Drápu.

★ ★ ★ ★ ★

„Ein besta bók um stangveiði sem hefur komið út á Íslandi fyrr og síðar.“

– Karl Lúðvíksson, visir.is

drápa

dal. Sú fyrstefnda er að koma út á íslensku í fyrsta sinn í þýðingu Þórdísar Gísladóttur, hinar tvær þýddi Steinunn Briem.

Það er sérstakur fengur að Minningum múmínabba, sem er mjög sennilega skemmtilegasta sagan um múmínálfana. Þar ákveður múmínabbi að skrifa endurminningar sínar. Hann veltir sér upp úr harmrænni æsku sinni um leið og hann minnr stöðugt á eigið ágæti og finnur fyrir mikilli gleði við að hugsa stöðugt um sjálfan sig. Fyndnari bók um sjálfhverfan rithöfund hefur varla verið skrifuð.

Í Órlaganóttinni verða náttúruhamfarir í Múmíndal og það reynir á fjölskylduna og vini hennar en þau rata vitanlega í mikil ævintýri. Í Vetrarundrum í Múmíndal vaknar múmínsnáðinn óvænt, þegar ætlast er til hann liggja í dvala, og sér tilveruna í algjörlega nýju ljósi.

Þetta eru ómóttæðilegar bækur sem hlýja lesandanum, kæta hann og gleðja.

Sigildur Balzac

Sigurjón Björnsson hefur glatt unnendur heimsbókmennta

AFRÍKA

með þýðingum sínum á verkum Honoré de Balzac. Nú bætist enn ein við, Svarti sauðurinn. Þar eru litríkar persónur á ferð og viðburðarík atburðarás þar sem nokkrum persónum er komið fyrir kattarnef. Eins og í flestum sögum Balzac eru peningar mikil hreyfiafl og græðgi kemur mjög við sögu.

Sigurjóni ber að þakka fyrir að koma Balzac, einum af risum bókmenntasögunnar, til Íslendinga. Balzac er höfundur sem er sannarlega þess virði að kynna.

Eðalskáldskapur Jóns

Jón Helgason var eitt dádasta ljóðskáld tuttugustu aldar á Íslandi. Hann á enn fjölda aðdáenda sem kunna hendingar úr ljóðum hans utan að, sumir jafnvel heilu ljóðin. Nú eru

120 ár liðin frá fæðingu hans og í tilefni þess koma bækur hans út í einu safni, auk annarra kvæða. Bergsveinn Birgisson rithöfundar skrifar einkar skemmtilegan eftirmála um skáldið ástsæla.

Eginn ljóðaunnandi má láta þessa bók fram hjá sér fara. Þegar hann leggur hana frá sér að lestri loknum er hann líklegur til að tauta upphátt: Liðið er hátt á aðra öld; enn mun þó reimt á Kili...

Rómuð skáldsaga

Endurfundur á Brideshead er frægasta verk Evelyn Waugh. Eftir bókinni var gerð árið 1981 rómuð sjónvarpsþáttur með Jeremy Irons og Anthony Andrews í aðalhlutverkum. Endurgerð mörgum árum síðar þótti ekki heppnast jafn vel. Í bókinni segir frá sambandi Charles Ryder við hinn ógæfusama og auðuga Sebastian Flyte. Bókin var valin ein af 100 bestu skáldsögum nútímabókmennta af timaritinu Time.





Mia litla úr Múmínálfunum.

ÞÓKAJÓL



Fræðslubók um dýr og undravert líf þeirra. Lærðu um vitsmuni og tjáningu dýra, þróun, dvala, mökun, fæðuleit og margt fleira. Hægt er að nota smáforrit til að horfa á myndbönd sem fylgja með bókinni. Þau dýpka skilning lesandans á viðfangsefninu og fara með hann í ferðalag inn í heim dýranna.

Í bók þessari birtist samantekt á íslenskum mannhvörfum. Höfundurinn, Aðaldælingurinn Bjarki Hólmgeir Halldórsson, styðst við opinber gögn málanna en kryfur þau víða nánar ofan í kjölinn. Bókin *Saknað: Íslensk mannhvörf* er ómetanleg heimild um málaflokk sem er sveipaður dulúð og sorg þeirra sem ekki hafa fengið að vita hvað varð um ástvini þeirra.



Etna og Enok eru uppátækjasöm systkini sem dreymir um að hitta jólasveinana. Þau beita ýmsum brögðum til að grípa sveinana glóðvolga og lenda í sannkölluðu jólaævintýri. Skemmtileg jólasaga sem gott er að njóta á aðventunni.




Jólin nálgast í litla, íslenska þorpínu. Fólkíð hlakkar til að upplifa gleðina og gjafirnar, en kvíðir komu hinna alræmdu jólasveina sem mæta ruplandi og rænandi niður í byggð. Þannig voru jú jólasveinarnir í gamla daga, auk þess að vera grútskitugir og sóðalegir. En hvað varð þess valdandi að jólasveinarnir ákváðu að hættu að vera vondir?




Ertu að kenna barni að kúka í koppinn? Er búið að spræna út um allt á fallega teppið í stofunni? Er haugur af kúkableyjum í ruslinu? Ekki örvænta því það hefur aldrei verið auðveldara en einmitt núna að kenna börnum að fara á koppinn.




Vönduð LYFTISPJALDABÓK. Hefur krílið þitt gaman af bílum og farartækjum? Þá er þessi bók kjörin! Fróðleikur og skemmtun á sama tíma. Helstu bílar og vinnuvélar lyftast upp úr bókinni þegar henni er flett.




„Muu“ þýðir „Halló“.
„Muu“ þýðir „Bless“.
„Muu“ þýðir „Grasið mitt er gómsætt. Gæddu þér á því.“
Fáðu að vita hvað kýrin er í raun og veru að segja þér þegar hún gefur frá sér hljóðin sem við þekkjum öll og elskum. „Muu!“
Fyrr en varir verður barnið þitt farið að tala lýtalausa kýrsku.



Ekkert að sjá hér! Í alvöru, EKKI opna bókina! Láttu hana vera. Þú mátt ekki lesa hana! Í alvöru Ekki opna þessa bók er eins og fyrri tvær bækurnar í bókaflökknum frábær skemmtun fyrir börn og fullorðna.



Hahahah! Fyndnasta bók ársins! Troðfull bók af frábærum bröndurum og gátum.



HR. ÚLFUR. HR. HÁKARL. HR. SNÁKUR. HR. PÍRANA. Þetta eru vondir gaurar. Það vita allir. Þeir eru hræðilegir og hættulegir og . . . bara VONDIR. En þessir gaurar vilja vera HETJUR. Og þeir ætla að sanna sig með því að gera góðverk . . .

Óðinsauga verður með kynningu á bókamessunni í Hörpu dagana 23-24. nóv.





Sagan af don Kíkóta á enn erindi í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

Vinsæl í 400 ár

Don Kíkóti er talin mest seld skáldsaga allra tíma. Bókin kom út snemma á 17. öld og er talið að hún hafi selst í 500 milljónum eintaka. Sagan er eftir spænska rithöfundinn Miguel de Cervantes og fjallar um don Kíkóta, mann sem hefur misst vitið eftir óhöflegan lestur á riddarasögum. Sagan sem er skopstæling á riddarasögunum fylgir don Kíkóta og fylgisveini hans, Sansjó Pansa, á ferð um heiminn þar sem hann berst við vindmyllur eins og frægt er. Sagan er talin vera fyrsta nútímalega skáldsagan og hefur hún verið fjölda höfunda innblástur allar götur síðan og haft gífurleg áhrif á evrópska frásagnarlist.



Það er alltaf mikil spenna fyrir jólin um hvaða bækur hljóti tilnefningu.

Verðlaun fyrir íslenskar bækur

Íslensku bókmenntaverðlaunin eru verðlaun sem veitt eru þremur bókum ár hvert. Tilnefningar eru kynntar þann 1. desember ár hvert og verðlaunin síðan veitt síðla í janúar eða í upphafi febrúar. Óháðar tilnefninganefndir, skipaðar þremur dómberum fulltrúum hver, velja þær fimm bækur í hverjum flokki sem helst þykja skara fram úr. Lokaval er í höndum formanna nefndanna þriggja og forsetaskipaðs dómnefndarformanns. Velja þeir eina bók úr hverjum flokki þannig að þrjár bækur hljóta á endanum Íslensku bókmenntaverðlaunin. Forseti Íslands afhendir verðlaunin á Bessastöðum við hátíðlega athöfn.

Verðlaunin voru fyrst veitt árið 1989 í tilefni af hundrad ára afmæli Félags íslenskra bókaútgefanda þannig að í ár fagna þau þrjátíu ára afmæli. Árið 2013 bættist þriðji flokkurinn við, flokkur íslenskra barnabóka. Áður höfðu verðlaunin verið veitt í tveimur flokkum, flokki fagurbókmennta og í flokki fræðiritna og rita almenns efnis.

Félag íslenskra bókaútgefanda hefur tekið við skráningu á framlögðum verkum til Íslensku bókmenntaverðlaunanna þetta árið. Þátttaka er öllum útgefendum opin en skilyrði er að framlagðar bækur séu útgefnar árið 2019. Verðlaunin eru ein milljón fyrir verðlaunaverk hvers flokks.

Taumlaus gleði fyrir unga bókaorma

Það verður ótal margt skemmtilegt í boði fyrir börn á öllum aldri á Bókamessunni í Hörpu.

Þar má nefna perlustund fyrir unga messugesti og spennandi sögustundir fyrir hressa krakka þar sem höfundar nýrra barnabóka lesa fyrir yngstu lesendurna. Þá verður hægt að fylgjast með kökuskreytingum Evu Laufeyjar og hamingjustundir verða haldnar þar sem lífinu og bókmenntunum er fagnað. Rætt verður um ungmennabækur við



Lestur er bestur og það vita ungir lestrarhestar sem fá nóg að gera í Hörpu.

valinkunna höfunda og jóla-föndur verður með börnunum. Teiknismiðja verður í boði og ratleikur með jólasveininum um alla Hörpu. Þá geta allir krakkar mátað búninga og fengið spennandi andlitsmálingu, svo fátt eitt sé upptalið.

Það er um að gera að skoða dagskrána vel á bokmenntaborgin.is og hér í Fréttablaðinu til að finna rétta stund og stað til að njóta Bókamessunnar til fulls með smáfólkinu og unglíngunum sem hafa munu nóg fyrir stafni.

storytel

Við erum á Bókamessunni

Kíktu í kaffi og hlustaðu á viðtöl við þekktu rithöfunda

Laugardagur


- 13:00 Einar Már Guðmundsson
- 13:30 Borghildur Tumadóttir
- 14:00 Sigursteinn Másson
- 14:30 Sandra B. Clausen
- 15:00 Einar Kárason og Kamilla E.
- 15:30 Bergún Íris Sævarsdóttir

Sunnudagur


- Benný Sif Ísleifsdóttir
- Hallgrímur Helgason
- Lilja Sigurðardóttir
- Óttar Sveinsson
- Ragnar Jónasson
- Guðrún Eva Mínervud.




Tólf trylltir titlar undir tréð; Hvað eru mörg T í því?



tilboðsverð kr. 3.690
fullt verð kr. 5.190




tilboðsverð kr. 3.199
fullt verð kr. 4.590




tilboðsverð kr. 4.590
fullt verð kr. 6.499




tilboðsverð kr. 5.599
fullt verð kr. 7.999



tilboðsverð kr. 2.590
fullt verð kr. 3.690



tilboðsverð kr. 3.190
fullt verð kr. 4.499




tilboðsverð kr. 4.899
fullt verð kr. 6.999

Bergþóra
Snæbjörnsdóttir
Svinshöfuð



tilboðsverð kr. 4.590
fullt verð kr. 6.499



tilboðsverð kr. 3.890
fullt verð kr. 5.499



tilboðsverð kr. 5.290
fullt verð kr. 7.499



tilboðsverð kr. 4.899
fullt verð kr. 6.999



tilboðsverð kr. 1.999
fullt verð kr. 2.899

tilboðsverð gilda til 27. nóv.



**BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

Bílar & Farartæki



2017 Nissan leaf 30 Kw. Ekinn aðeins 17 þús km. Raundrægni um 160 km. Láttu bensin sparnaðinn borga bilinn. Til afhendingar strax. 100% lán mögulegt. Verð: 2.890.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þveggillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

VIÐHALDSTAK EHF.

Getum bætt við okkur innanhús málun. Öll tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sími 6974650.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. ofl. Extra stór bill. Búslóðaflutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

VANTAR ÞIG SMIDI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannabjónusta
- proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

Keypt & Selt

Til sölu



JS LJÓSAMÍDJAN
VÉLAÆKSTÆÐI
SLÁTTUÆLAPJÓNUSTAN
Skemmuveg 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu í Garðabæ einstaklingsbúð með sér inngangi, reyklaust og rólegt. Upplýsingar í síma: 892-8825.

Atvinnuhúsnæði

IÐNAÐAR- EÐA LAGERHÚSNÆÐI TIL LEIGU

Til leigu 180-270 fm. atvinnuhúsnæði með innkeyrsluhurð í Bolholti 4 (bakhús) 105 Rvk. Laust strax.

Uppl. í s: 893-8166 eða grensas@gmail.com. Grensás ehf. / Ragnar

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS

gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.yakovswell.net

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah.

All the material is completely free. You may download it, copy it and give it away.

www.yakovswell.net



VILT ÞÚ SELJA
HÚSIÐ ÞITT?

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Skemmtanir

CATALINA

CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs

Gullnáman

BOLTINN Í BEINNI

LEIKIR HELGARINNAR

LAUGARDAGUR
12:30 West Ham - Tottenham
15:00 C.Palace - Liverpool

SUNNUDAGUR
16:30 Sheffield Utd. - Man.Utd.

Boltatilboð

LIFANDI TÓNLIST

SMELLUR ásamt EDDU ARA

FÖSTUDAG & LAUGARDAG
FRÁ KL. 00.00 - 03.00

HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19

HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21

SÍMI 554 2166
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

WWW.CATALINA.IS



TYGGÐU EXTRA TIL GÓÐRA VERKA

MEÐ ÞVÍ AÐ TYGGJA EXTRA STYÐUR ÞÚ SOS BARNAPORPIN
TIL BÆTTRAR TANNHEILSU BARNA Í GHANA OG BOTSWANA

Í SAMSTARFI VIÐ



SOS
BARNAPORPIN

Öll börn vilja gott heimili

Í OKTÓBER OG NÓVEMBER 2019

TÍMAMÓT



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Árni Guðmundsson

frá Bøðmóðsstöðum,
Lækjarbrún 29,
Hveragerði,

lést 18. nóvember.

Útförin fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 23. nóvember kl. 13.

Garðar R. Árnason
Karólína Árnadóttir
Auðunn Árnason

Gunnvör Kolbeinsdóttir
Maria C. Wang
og afabörn.



Elsku pabbi, tengdapabbi, afi og langafi,

Andrés Ingi Magnússon

rafvirkjameistari,
Krókamýri 78, Garðabæ,

varð bráðkvaddur 14. nóvember.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 28. nóvember kl. 13.

Torfi Helgi Leifsson
Magnús Andrésen
Andrés Árnason
Margrét Sif Andrésdóttir

Margrét Sigurðardóttir
Rósa Þórarinsdóttir
Elfa Sif Jónsdóttir
Einar Þór Einarsson
afabörn og langafabörn.



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir, systir og mágkona,

Elsebeth Sævarsdóttir Gerðisá

lést í Færeyjum 19. október síðastliðinn. Jarðarförin fór fram 25. október.

Oleif Gerðisá

Johnleif Gerðisá
Emma María Hentze
Sævar Petreus Gerðisá
Andri Gerðisá
Sandra Josefína Gerðisá
Iris Gerðisá

Edla Gerðisá
Ove Hentze

Jonna Lamhauge Gerðisá

Betty, Ádam, Björga og Elian
Sævar Þ. Jóhannesson
Jóhannes Albert Sævarsson
Marta Sævarsdóttir
Hildur Friðriksdóttir
Emma Hansen Jóhannesson



Yndislegur sambýlismaður og besti vinur, faðir okkar, stjúpfaðir, afi og langafi,

Theodór Jónsson

fv. skipstjóri frá Auðkúlu í Arnarfirði,

lést 19. nóvember.

Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 5. desember kl. 13.00. Athöfnin verður tákmalstúlkud.

Sólveig Júlía Baldursdóttir
Margrét Theodórsdóttir
Halldór Jón Theodórsson
Sigrún Edda Theodórsdóttir
Guðbjörg Íris Atladóttir
Birna Sif Atladóttir
Sigríður María Atladóttir
Pálmi Þór Atlason

Ágúst Ingi Jónsson
Ingibjörg Leifsdóttir
Karl K.Á. Ólafsson
Ottó Sverrisson
Guðjón Helgi Ólafsson
Sigurjón Birgisson
Elin Guðmannsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku pabbi okkar, tengdó og afi (nonno),

Salvatore Torrini

lést á heimili sínu síðastliðinn mánudag.

Davíð Torrini Davíðsson
Emiliana Torrini
Maria Carmela Torrini
og fjölskyldur.

Ég var bara alltaf í hættu

Að duga eða drepast er saga Bjarna Jónssonar, flugmanns og útvarpsstjóra í Eyjum. Hann segir af hreinskilni frá sigrum og ósigrum í lífinu, oft á fremur léttum nótum.

Ég væri spurður núna hvort ég sæi eftir að hafa skrifað þessa bók þá er svarið: Alls ekki – ég er ánægður með að hafa drifið þetta af. Var orðinn nervus yfir að ég myndi ekki endast í það," segir Vestmannaeyingurinn Bjarni Jónsson um nýlega útkomna bók sína Að duga eða drepast. Hann segir tengdadótturina og barnabörnin hafa imprað á því hvort hann ætlaði ekki að skrifa ævisöguna og hann hafi slegið til.

„Nú þarf ég ekki að fletta upp í sjálfum mér til að muna eitthvað, ég fletti bara upp í bókinni! Þér að segja þá er henni feiknavei tekid, langtum betur en ég bjóst við. Svo er hún íslensk framleiðsla. Óskar Ólafsson, prentari hér í Eyjum, sá um umbrot og útlit og hún er prentuð og innbundin hjá Ísafold.“

Spurður hvort hann hafi haldið dagbók svarar Bjarni: „Nei, nei. En ég á mikið af gögnum. Til dæmis eru öll flug skráð og svo var ég svo heppinn að eiga sjóferðabók. Þó menn nemtu almennt ekki að skrá í sjóferðabækur hjá sýslumönnum og bæjarfógetum þá heimaði ég að allt yrði skráð í mína og það hefði verið erfitt að henda reiður á sjómennskuferlinum hefði ég ekki haft hana núna. Eiginlega var erfðast að grafa eitthvað upp um Færeyingana. Amma mín í Færeyjum hét til dæmis átta nöfnum og mig langaði að hafa þau í bókinni en fann þau ekki.“

Að duga eða drepast er ríkulega myndskreytt. „Ég fékk mikið af góðum myndum og átti helling sjálfur, lýsir Bjarni. „Keypti mér tvær myndavélar þegar ég var unglingur. Það var eftir fermingu en fyrir Jórinni – gott að hafa eitthvað að miða við! Jórinni, konan mín, kom hingað til Eyja 1954 á vertíð og svo fæddist frumburðurinn Jónas í september 1956. Sko fuglarnir liggja á í mánuð, við þurftum tvö ár!

Á þessum tíma snerist lífið um að vinna, ná sér í konu og byrja að byggja. Fyrstu vetrarvertíðina sem við Jórinni vorum saman var hægt að lesa Moggann í gegnum mig, ég var svo horaður. Það var rosalega mikil vinna í Vinnslustöðinni, ég var í frystinum og alltaf til eitt á nóttunni. Það var líka vel borgað.“

Atvinnusaga Bjarna er meðal annars rakin í bókinni, hann var tíu ár í fiski, tíu ár á sjó og tíu í flugi. Síðan fjögur ár – upp á dag – í kerta-verksmiðju og rak að lokum útvarpsstöð. Ýmsum vinnubrögðum og aðstæðum er lýst og hann virðist hafa sterka tilfinningu fyrir því hvernig hlutirnir virka. „Ég hef alltaf haft áhuga á öllu sem snýst. Var þó ekki með beina flugdellu en sá að flug var sniðugur ferðamáti og fór rólega af stað, enda kominn vel á fimmtugsaldur þegar ég fékk flugréttindi. Það



„Nú þarf ég ekki að fletta upp í sjálfum mér til að muna eitthvað, ég fletti bara upp í bókinni!“ segir Bjarni Jónsson hinn grallaralegasti. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

var viss fifldirfska af fjölskylduföður að fara út í flugrekstur.“

Bjarni kveðst aðeins hafa verið byrjaður að fljúga þegar Heimaeyjargosið varð, 1973. „Ég seldi flugvél rétt fyrir gos og týndi bankabókinni með peningnum sem ég fékk fyrir hana þegar ég var á leið í land fyrstu gosnóttina með Leó VE en vélstjórinn fann hana. Ég keypti fjögurra sæta vél í maí 1973 og fór í verklegt flugpróf. Svo kom sjö manna einshreyfilsvél með einkennisstafina GOS 1. apríl 1974. Hún var sko

ekkert aprílabb, hagkvæm vél og ég flutti mikið á henni milli lands og Eyja. Bakkaflugvöllur var ekki kominn, en lent á Berjanesfitjum rétt við þjóðveginn, líka á Hellu og Skógasandi. Svo voru



Undir Fjöllunum þurfti ég einu sinni að fara undir eina loftlínu og yfir næstu.

tún hingað og þangað. Undir Fjöllunum þurfti ég einu sinni að fara undir eina loftlínu og yfir næstu.“

Spurður hvenær hann hafi verið í mestri hættu svarar Bjarni hlæjandi. „Ég var bara alltaf í hættu.“ Svo alvarlegur aftur. „Ég var náttúrulega í bráðum háska þegar vettlingurinn minn festist á vir um borð í Bergi NK 46 og ég fylgdi með vörnum að spilinu. Menn hafa tapað útlimum í svoleiðis aðstæðum en ég slapp mjög vel.“ gun@frettabladid.is



Elskulegur eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Hjörtur J. Hjartar

lést sunnudaginn 17. nóvember. Útförin fer fram frá Nes Kirkju laugardaginn 23. nóvember kl. 14.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á MND-félagið eða önnur líknarfélög.

Jakobina Sigtryggsdóttir
Sigtryggur Klemenz Hjartar
Ragna Hjartar
Ragnheiður Guðmundsdóttir
Simon Reher
barnabörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sveinn Gústavsson

viðskiptafræðingur, áður til heimilis að Reynigrund 65, Kópavogi,

lést á hjúkunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 15. nóvember. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 26. nóvember kl. 13.00.

Erla Ingólfssdóttir
Dagbjört Halla Sveinsdóttir
Anna Sveinsdóttir
Þórhallur Örn Guðlaugsson
Magnús Bjarnason
barnabörn og barnabarnabörn.

BLESS HROTUR!



Koddinn sem er sérstaklega hannaður til að draga úr hrotum. Rannsóknir hafa sýnt fram á að hrotur geti minnkað um 50%!

Hágæða efni


Ysta lagið er úr blöndu af bómull og pólýester sem er mjög mjúk og andar vel.

Sérstakur S-laga svampur í miðju

Heldur höfði og hálsi í réttri stellingu til að opna öndunarveginn betur og auðveldar þannig öndun.

Holtrefja fylling

Mjúk en veitir um leið góðan stuðning. Hentar vel hvort sem þú sefur á bakinu eða hliðinni.



HEIMKAUP.IS

Kally Sleep[®]
your sleep expert

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Ný sending!



98 kr./500 ml

UpGrade Íþróttadrykkur
500 ml, 4 teg.



2,3kg



900g

359 kr./ks.

Klementínur
900 g



Robin Klementínur

795 kr./ks.

Robin Klementínur
2,3 kg



359 kr./300 g

Heima Suðusúkkulaði
300 g



198 kr./500 g

Heima Smjörlíki
500 g



198 kr./200 g

Gunz Kókostoppar
200 g



259 kr./400 ml

Gunry Jólahandsápa
400 ml



198 kr./pk.

Gunry Jólatissue
70 stk.



Brunatími
4-5 KLST.

195 kr./2 stk.

Hansa Útikerti
2 stk.



Brunatími allt að
36 KLST.

139 kr./stk.

Hansa Leiðiskerti
með loki



198 kr./stk.

Kubbakerti
10x6 cm, rautt eða hvítt.



298 kr./stk.

Kubbakerti
10x7 cm, rautt eða hvítt.



398 kr./stk.

Kubbakerti
15x7 cm, rautt eða hvítt.



598 kr./stk.

Kerti með dagatali
25x5 cm



Verð gildir til og með **24. nóvember** eða meðan birgðir endast.

Íslenskar rjómasósar

Unnar úr íslensku hráefni



**AÐEINS
AÐ
HITA**

479 kr./500 ml

ÍS Piparostarjómasósa, 500 ml
ÍS Rjómasveppasósa, 500 ml
Brún Sælkerasósa, 500 ml



Nýtt
3 tegundir

1.598 kr./kg

ÍL Veislu Lambalæri
Ferskt og kryddað, 3 tegundir

Íslenskt
Grísakjöt



1.598 kr./kg

Stjörnugris Grísalund
Fersk

**SAMA
VERÐ
UM LAND ALLT**



200kr
afsláttur

679 kr./800 g

Bónus Buffalo Leggir
Fullleldaðir, 800 g, 2 teg. - Verð áður 879 kr.

250kr.
flaskan



998 kr./pk.

Egils Appelsín
Kippa, 4 x 2 lítrar

225kr.
flaskan



898 kr./pk.

Coca-Cola og Coca-Cola Zero
Kippa, 4 x 2 lítrar



129 kr./330 ml

Coca-Cola í gleri
venjulegt og Zero, 330 ml

Kók í gleri

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík

 6 | 3
 °C | °C ↑

Ísafjörður

 2 | 4
 °C | °C ↑

Akureyri

 6 | 3
 °C | °C ↑

Suðaustlæg átt, 3-10 m/s og víða skúrir í dag, en þurrt að mestu NA til. Hiti 0 til 8 stig að deginum, hlýjast syðst.

Laugardagur

Reykjavík

 5 | 2
 °C | °C ↔

Ísafjörður

 1 | 1
 °C | °C ↕

Akureyri

 3 | 2
 °C | °C ↕

Sunnudagur

Reykjavík

 1 | 1
 °C | °C ↔

Ísafjörður

 -2 | 1
 °C | °C ↔

Akureyri

 -1 | 1
 °C | °C ↕

Egilsstaðir

 4 | 3
 °C | °C ↗

Kirkjubæjarkl

 5 | 4
 °C | °C ↕

Hveravellir

 1 | 7
 °C | °C ↑

LÉTT

				6	3		7	4
	1	5			9	8		
		3		4				
5						6	8	3
	8			1			2	
7			2				5	
8	4		1	9			6	
9			4					
		6			2			7

MIDLUNGS

		8				4		
9				2				
1	2			6	7			9
	5				3	9		4
			5	2		1		3
6								
2	3			7		5		
4	6						1	7
								4

PUNG

				3	9	5	7	1
				1			3	
			6					
	4		9	6				
		6						2
		5			2	4		
	4	3				1	5	
	9		7					
8	3	2			1			

Krossgáta

- LÁRÉTT**
 1 bukkur
 5 for
 6 í röð
 8 læknaði
 10 átt
 11 lélegur
 12 vegghamar
 13 fugl
 15 raðtala
 17 duglaus

- LÓDRÉTT**
 1 ábatat
 2 klink
 3 útsæði
 4 hjartardýr
 7 forði
 9 sáldrað
 12 tiskusveifla
 14 skaut
 16 í röð

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 hafur, 5 aur, 6 áb, 8 græddi, 10 na, 11 ryr, 12 þæg, 13 spól, 15 töf, 17 látur. LÓDRÉTT: 1 hagnast, 2 aur, 3 ræ, 4 rádyr, 7 þrög, 9 dreif, 12 bóla, 14 pól, 16 tu.

Skák Gunnar Björnsson

Sarasadat Khademalsharieh (2.491) átti leik gegn Héðni Steingrímssyni (2.549) á Heimsmeistaramótinu á Selfossi.

Hvítur á leik



26. Rf7!! 1-0.


Mikhail Antipov hefur byrjað best og var efstur eftir 2 umferðir. Helgi Áss Grétarsson er efstur íslensku keppendanna. Fjórða umferð er í dag. Í gær hófst opna Suðurlandsmótið. Á morgun fer fram Íslandsmótið í Fischer-slembiskák.

www.skak.is: Skákhátíð á Selfossi.

6	2	8	5	7	9	3	4	1
3	1	9	4	2	8	6	7	5
7	4	5	3	6	1	8	9	2
8	6	3	1	9	4	5	2	7
9	5	2	8	3	7	1	6	4
1	7	4	2	5	6	9	8	3
2	8	1	6	4	3	7	5	9
4	9	6	7	1	5	2	3	8
5	3	7	9	8	2	4	1	6
6	7	1	3	5	2	4	8	9
2	3	8	9	4	6	1	5	7
9	4	5	7	8	1	6	2	3
1	6	4	2	9	7	5	3	8
3	8	9	4	1	5	7	6	2
5	2	7	6	3	8	9	1	4
8	9	3	5	6	4	2	7	1
4	5	2	1	7	3	8	9	6
7	1	6	8	2	9	3	4	5
7	3	2	8	9	5	4	1	6
8	4	6	1	2	7	5	3	9
9	5	1	3	4	6	7	8	2
1	6	7	5	3	4	9	2	8
3	8	4	2	1	9	6	5	7
2	9	5	6	7	8	1	4	3
6	7	8	4	5	3	2	9	1
4	1	9	7	8	2	3	6	5
5	2	3	9	6	1	8	7	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Barnalán



FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Róttæklingarnir í Eskihlíðinni

Hjónin **Stefán Pálsson** og **Steinunn Þóra Árnadóttir** og synir þeirra, **Nóam Óli** og **Böðvar**, eru friðarsinnaðir róttæklingar fram í fingurgóma. Þau ræða pólitíkina, baráttuna við MS-sjúkdóminn, söfnunaráráttuna, enska boltann og tímamótin þegar elsta dóttirin tilkynnti þeim að hún væri hann.



Átökin utan vallar

Sara Björk Gunnarsdóttir gerir upp ferilinn, ævintýrin og grófar slúðursögur.

Skemmtistaðurinn Röntgen

Jón Mýrdal og félagar opna nýjan skemmtistað á Hverfisgötu.



Leyndarmálið í brædda sykrunum

Jói Fel kennir réttu handtökin við að setja saman piparkökuhús.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi



Frændurnir og tónskáldin Hjalte og Þorkell Nordal en ný verk eftir þá verða flutt um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Orðfæri og særing í kirkju

Á tónleikum Dómkórsins í Hallgrímskirkju verða flutt verk eftir Jón Nordal og barnabörn hans, Þorkel og Hjalta Nordal.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Dómkórinn heldur tónleika í Hallgrímskirkju næstkomandi sunnudag, 24. nóvember, klukkan 17.00. Flutt verður eitt helsta kórverk íslenskrar tónsögu, Óttusöngur að vori eftir Jón Nordal, en þar fléttar hann saman kaþólskum messutextum við Sólhjararljóð Matthíasar Johannessen. Auk þess verða tvö ný íslensk kórverk frumflutt á tónleikunum, eftir barnabörn Jóns, Þorkel og Hjalta Nordal.

Orð taka á sig mynd

Spurðir hvenær þeir hafi fyrst kynnst tónlist afa sins segja þeir: „Afi hélt tónsmíðum sínum ekki að okkur þegar við vorum krakkar. Það var frekar að hann héldi þeim frá okkur.“ „Ég vissi mjög mjög seint að hann væri tónskáld. Hann var bara afi,“ segir Hjalte. „Ég kynntist tónlist hans ekki að ráði fyrr en

VIÐ FLUTNING Á ÞESSU VERKI MÍNU ER ÞVI FRAMIN SÆRING Í KIRKJU OG SUMUM FINNST ÞAÐ NOKKUÐ ÖGRANDI.

ég byrjaði í Menntaskólanum við Hamrahlíð og fór að syngja tónlist eftir hann með Hamrahlíðarkórnum,“ segir Þorkell. „Við sýnum honum það sem við gerum og hann hlustar af áhuga en er ekki að stýra okkur,“ bæta þeir við.

Verk Þorkels nefnist Orðfæri og er fyrsta stóra kórverk hans. „Verkið er fyrir kór og slagverk. Með titlinum vil ég vísa í einhvers konar áhald. Verkið byggist mest á hljóðum úr tungumálinu sem í byrjun eru óskiljanleg en eftir því sem liður á verkið fara orð að taka á sig mynd. Ég nota textann ekki á hefðbundinn hátt heldur meira eins og áhald til að búa til hljóð,“ segir hann.

Særing í kirkju

Verk Hjalta, Umbót, er lokaverkefni

Far niður, fýla

Lesendum til upplýsingar og skemmtunar er hér birt upphaf særingakvæðis Jóns lærða:

*Far niður, fýla,
fjandans límur og grýla;
skal þig jörð skýla,
en skeytin aursíla;
þú skalt eymdir ýla
og ofan eptir stíla,
vesall, snaudur víla;
þig villi óheilla brýla.*

hans úr Listaháskólanum. „Þetta er verk fyrir kór, pianó, slagverk og selló, samið við kvæðið Snjáfjalla-vísur hinar síðar eftir Jóni lærða, og er talið rammasta særingakvæði Íslandssögunnar,“ segir Hjalte. „Við flutning á þessu verki mínu er því framin særing í kirkju og sumum finnst það nokkuð ögrandi. Jón orti kvæðið, sem er langt og rammt, til að kveða niður draug sem var á vegum djöfulsins.“ Um tónlist sína við texta Jóns segir hann: „Hún er völdug, hávær og reiðileg.“

Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Föstudagur

hvar@frettabladid.is

22. NÓVEMBER 2019

Hvað? Alþjóðleg ráðstefna
Hvenær? 9.00-17.00

Hvar? Þjóðminjasafn Íslands Ráðstefnan leiðir saman sérfræðinga í handritafræðum og miðaldafræðum, til þess að skoða lagabækur sem skrifaðar voru fyrir Ísland í lok 13. aldar.

Hvað? Ahimsa fyrir 21. öldina
Hvenær? 20.00

Hvar? Lífspekifélagið, Ingólfsstræti 22
Jón Pétur Þorsteinsson lýsir hugmyndum um hvernig fonna



Kristján Kristjánsson verður með Gauki á Vesturgötu 3 í kvöld.

hugmyndafræðin Ahimsa gæti hjálpað okkur að ná áttum á tímum neysluhyggju, verksmíðju-búskapar og hamfarahlýnunar. Opið öllum áhugasömum.

Hvað? KK og Gaukur
Hvenær? 21.00

Hvar? Stofan Vesturgötu 3, Rvk

Hvað? Tangó praktika og milonga
Hvenær? 21.00-24.00

Hvar? Kramhúsið, Skólavörðustig Argentínskur tangó. Dj er Helgi og gestgjafar Kristín&Helgi. Opni tíminn ókeypis, milongan 1000 kr.

Bernhard notaðir bílar
eru fluttir að
Vatnagörðum 24

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP
Í GÓÐUM NOTUÐUM BÍL
SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSTUÐI



Honda Jazz Trend

Nýskráður 6/2017, ekinn 35 þús.km., bensín, 6 girar.

Tilboð kr.
1.690.000

Allt að 90% fjármögnun í boði



Honda Civic Tourer Lifestyle

Nýskráður 3/2017, ekinn 26 þús.km., dísel, beinskiptur.

Verð kr.
1.990.000

Allt að 90% fjármögnun í boði



Honda Civic Comfort

Nýskráður 5/2018, ekinn 17 þús.km., bensín, 6 girar.

Verð kr.
2.690.000

Allt að 90% fjármögnun í boði



Honda HR-V Elegance dísil

Nýskráður 11/2016, ekinn 35 þús.km., Honda Connect með leiðsögukerfi, dísil, 6 girar.

Verð kr.
2.890.000

Allt að 90% fjármögnun í boði

BERNHARD

NOTAÐIR BÍLAR

Vatnagörðum 24 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is



Kósíkvöld á RÚV



Í kvöld kl. 19.45

Skemmtipáttur um íslenska tungu í umsjón Bjargar Magnúsdóttur og Braga Valdimars Skúlasonar. Þátttakendur etja kappi í taugatrekkjandi stöfunarkeppni, sérhannaðri útgáfu af hengimanni og fleiri þrautum.



Í kvöld kl. 20.35

Gísli Marteinn tekur á móti góðum gestum og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi. Brakandi fersk tónlistatriði og ómissandi innslög Berglindar Festival koma landsmönnum í helgarstemninguna.

DAGSKRÁ

Föstudagur

RÚV SJÓNVARP

- 12.35 Kastljós
- 12.50 Menningin
- 13.00 Útsvar 2018-2019 Fjarða- byggð - Reykjavík
- 14.15 Stöðvarvík Þættir frá 1997 þar sem Spaugstofumennirnir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Randver Þorláksson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Arnason skemmta landsmönnum eins og þeim einum er lagið. Stjórn upptöku: Sigurður Snæberg Jónsson. e.
- 14.45 Séra Brown
- 15.30 Söngvaskíld Hera Hjartardóttir Hera Hjartardóttir flytur nokkur laga sinna.
- 16.20 Ofurheilur - Svefnleysi
- 16.50 Öðruvísi magaverkir
- 17.20 Landinn
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Fótboltastrákurinn
- 18.29 Tryllitæki
- 18.35 Krakkastígur Hólma Vík Á Hólma Vík er heilmikið fjör og hressir krakkar sem segja okkur frá bænum, réttum og risa-skjaldböku. Vissir þú að það er gata á Hólma Vík sem heitir Skjaldböku-slóð?
- 18.40 Krakka Víkan í Krakka- vikunni er skyggst inn í heim barnamenningar. Við fjöllum um skemmtilega viðburði og það sem er fram undan hjá KrakkaRÚV og UngRÚV. Við fjöllum líka um það sem bar á góma í Krakkafréttum vikunnar, fræðumst um tækni og töfra og allt þar á milli. Umsjón: Jóhannes Ólafsson og Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.35 Veður
- 19.45 Kappsmál
- 20.35 Víkan með Gísla Marteini
- 21.20 Á vit draumanna Breskir gamanþættir um hjónin Mal og Jen sem ákveða að flýja ríninguna í Bretlandi og flytjast til Flórída þar sem þau taka við rekstri á hjólhýsasvæði. En lífið í Ameríku reynist ekki alveg jafn ljúft og þau höfðu gert sér í hugar- lund. Aðalhlutverk: John Crosby, Rosie Day og Philip Glenister.
- 22.10 Barnaby ræður gátuna - Keðjan slitin
- 23.40 A Gusugangur Spennu- mynd með Tildu Swinton og Ralph Fiennes í aðalhlutverkum. Myndin segir frá rokkstjórnumni Marianne sem er í frii í ítalskri eyju ásamt kærasta sínum, kvikmyndagerðar- mannum Paul, þegar gamall vinur hennar birtist skyndilega ásamt dóttur sinni. Í kjölfarið fer af stað atburðarás sem stefnir þeim öllum í hættu. Leikstjóri: Luca Guadagnino. Önnur hlutverk: Matthias Schoenaerts og Dakota Johnson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. e.
- 01.40 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 07.00 DP World Tour Champions- hip Bein útsending frá DP World Tour Championship á Evrópu- mótariðinni.
- 13.10 The RSM Classic Útsending frá The RSM Classic á PGA-mótar- röðinni.
- 17.10 Golfing World Skemmti- legur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
- 18.00 CME Group Tour Champ- ionship Bein útsending frá CME Group Tour Championship á LPGA-mótaröðinni.
- 21.00 HSBC Champions Útsending frá HSBC Champions á Heims- mótaröðinni.

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 89,5 Retro
- FM 93,5 Rás 1
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 90,1 Rás 2
- FM 95,7 FM957
- FM 97,7 X-ið
- FM 100,5 K100

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify
- 08.00 Dr. Phil
- 08.45 The Late Late Show
- 09.30 Síminn + Spotify
- 12.00 Everybody Loves Raymond
- 12.20 The King of Queens
- 12.40 How I Met Your Mother
- 13.05 Dr. Phil
- 13.50 Family Guy
- 14.15 The Voice US
- 15.00 Top Chef
- 16.00 Malcolm in the Middle
- 16.20 Everybody Loves Raymond
- 16.45 The King of Queens
- 17.05 How I Met Your Mother
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 The Late Late Show
- 19.00 America's Funniest Home Videos
- 19.20 Will and Grace
- 19.45 Man with a Plan
- 20.10 The Voice US
- 21.40 The Iron Lady
- 23.30 Rocky 4
- 01.00 The Late Late Show
- 01.45 The First
- 02.35 Mayans M.C.
- 03.35 Kidding
- 04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Í ljósi sögunnar
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregni
- 10.13 Óskastundin
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.40 Veðurfregni
- 12.50 Dánarfregni
- 12.55 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Heimskviður
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Sögur af landi
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Skyndibitinn
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestarklefinn
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Brot úr Morgunvaktinni
- 18.50 Veðurfregni
- 18.53 Dánarfregni
- 19.00 Flugur Verkefnið Playing for Change
- 19.45 Lofthelgin
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.30 Kvöldagan. Hús úr húsi
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregni
- 22.10 Samfélagið
- 23.05 Lestarklefinn
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 12.10 Swan Princess: Royally Undercover
- 13.30 Paris Can Wait
- 15.05 Where to Invade Next
- 17.05 Swan Princess: Royally Undercover
- 18.25 Paris Can Wait
- 20.00 Where to Invade Next
- 22.00 Widows
- 00.10 Bleeding Heart
- 01.35 CHIPS
- 03.15 Widows

STÖÐ 2

- 08.00 Friends
- 08.20 Grey's Anatomy
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Famous In Love
- 10.10 The New Girl
- 10.30 Hand i hand
- 11.15 Jamie's Quick and Easy Food
- 11.40 Atvinnumennirnir okkar
- 12.10 Fósturbörn
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Overboard
- 14.50 Draugabarnir II
- 16.35 Mom
- 17.00 Margra barna mæður
- 17.40 Bold and the Beautiful
- 18.03 Nágrannar
- 18.28 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2 Frétta- stofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
- 18.47 Sportpakinn Íþróttafretta- menn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
- 18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
- 19.10 Föstudagskvöld með Gumma Ben
- 20.00 X-Factor Celebrity
- 21.20 The Mule
- 23.20 Venom
- 01.10 The Squid and the Whale
- 02.30 Native Son
- 04.10 Overboard Grínmynd frá 2018 með Eugenio Derbez og Önnu Faris í aðalhlutverkum.

STÖÐ 3

- 19.10 The Middle
- 19.35 The Last Man on Earth
- 20.00 Friends
- 20.25 Seinfeld
- 20.50 The Simpsons
- 21.15 American Dad
- 21.40 ShriLL
- 22.10 Lýðveldið
- 22.35 Euphoria
- 23.30 The Middle
- 23.55 The Last Man on Earth
- 00.20 Friends
- 00.50 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

- 07.20 ÍBV - Fram Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
- 08.50 Norður Írland - Holland
- 11.00 Dregið í umspilskeppni Undankeppni EM
- 12.00 Þýskaland - Norður-Írland Útsending frá leik í Undankeppni EM 2020.
- 13.40 Strength in Numbers - GS Warriors Champions Movie 2014-15
- 14.55 Domino's Körfuboltakvöld kvenna
- 16.10 KR - Njarðvík Útsending frá leik í Domino's-deild karla.
- 17.50 La Liga Report
- 18.20 Þór Þ. - ÍR Bein útsending frá leik í Domino's-deild karla.
- 20.10 Haukar - Keflavík Bein útsending frá leik í Domino's-deild karla.
- 22.10 Dominos Körfuboltakvöld karla Leikirnir í Domino's-deildinni gerðir upp.
- 23.50 Evrópu deildin - fréttapáttur
- 00.40 Fulham - QPR Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

STÖÐ 2 SPORT 2

- 18.50 Evrópu deildin - fréttapáttur
- 19.40 Fulham - QPR Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.



okkar allra

ILVA

**FÖSTUDAG -
MÁNUDAGS**
Frí heimsending
á höfuðborgarsvæðinu
ef verslað er fyrir
69.900 kr. eða
meira og greitt
samdægurs

©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta augljósar villur.

UNIFY BORDSTOFUBORD gráolíuborin eik. Ø120 cm. 119.900 kr. Nú 95.900 kr. **CONRAD BORDSTOFUSTÓLL** Svart textílleður, duftlakkaðir stálfætur. 8.900 kr. Nú 7.100 kr.

Bordstofudögum
LÝKUR Á MÁNUDAG

**20-40% AF ÖLLUM
BORDSTOFUHÚSGÖGNUM OG BORDBÚNAÐI**

20-25%
AF BORDBÚNAÐI



RAW
Ferkantaður diskur. L23,5 cm. 2.395 kr. Nú 1.916 kr.
Skál. Ø13,5 cm. 1.795 kr. Nú 1.436 kr.
Eggjabíkar, víður. 2 stk. í pk. 1.595 kr. Nú 1.276 kr.
Kanna með handfangi 30cl. 1.495 kr. Nú 1.196 kr.

20%
AF ALLRI
JÓLAVÖRU



SIRIUS CLARA
Tímastillir 6 eða 8 tímar.
2 könglar í pk. H 10 kr. 2.995 kr. Nú 2.396 kr.
H 14 kr. 1.995 kr. Nú 1.596 kr.
H 18 kr. 3.995 kr. Nú 3.196 kr.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

 netgíró
VALITOR

 [FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ilvaisland)
 [INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ilvaisland)

Halda heljarinnar barnaball í Iðnó

Platan Bland í poka með samnefndri hljómsveit kom út fyrr í mánuðinum og kemur svo út á disk í dag en með honum fylgir skemmtileg bók skreytt teikningum eftir Elínu Elísabetu. Í tilefni útgáfunnar verður slegið upp heljarinnar barnaballi í Iðnó.



Tómas Friðgeirsson

Hann Tómas Friðgeirsson er í sex ára bekk í Haukelandskole í Bergen Noregi. Hann er mjög flinkur að teikna og uppáhaldsnammið hans er Mars en það heitir Japp í Noregi.

Hvert er uppáhaldslagið þitt á plötunni Bland í poka?

Namminef – það er svo skemmtilegt út af því að það er laumuhvísl í því.

Hvaða lag finnst þér síst á henni?

Kannski Gefðu mér gaum. Ég hata róleg lög, nema lagið Litla kisa því það eru kisar sem syngja mjá í því.

Ef þessi plata væri nammi, hvernig nammi væri hún?

Kókflaska sem er búin til úr hlaupi.

Hvað gefurðu henni margar karamellur, frá einni til fimm?

Fem karameller!



Það er í nógu að snúast hjá tónlistarmanninum Snorra Helgasyni þessa dagana, en hann gaf út barnaplötuna Bland í poka með samnefndri hljómsveit fyrr í mánuðinum á netinu. Frá og með deginum í dag er hún svo loksins fáanleg á disk en með henni fylgir skemmtileg bók sem í eru fallegar teikningar með hverju lagi gerðar af Elínu Elísabetu Einarsdóttur. Í tilefni útgáfu disksins og bókarinnar standa hljómsveitin og Snorri fyrir heljarinnar barnaballi í Iðnó á sunnudaginn. Þar verður öllu tjaldað til og fær Snorri góða gesti til að koma og spila lögin á plötunni.

Í tilefni af útgáfu plötunnar og ballsins fékk Fréttablaðið nokkra hressa krakka til að dæma hana, enda eru þau markhópur hennar. Svo eru þau líka svo skemmtileg og hreinskilin! Miða á tónleikana er hægt að nálgast á tix.is, en húsið er opnað klukkan 15.00 og tónleikarnir hefjast klukkan 16.00.
steingerdur@frettabladid.is



Stella Guðlaugsdóttir

Stella Guðlaugsdóttir eru fjögurra ára gömul og er á leikskólanum Björtuhlið. Hún æfir fótbolta og hefur mjög gaman af söng og leiklist. Henni fannst söngleikurinn Matthildur æði. Ekkert elskar hún þó meira en að fá vin-konur sínar í heim-sókn!

Hvernig myndir þú lýsa plötunni?

Skemmtileg og frábær.

Hvert er uppáhaldslagið þitt og hvers vegna?

Fyrst var

það Namminef því mamman sefur í rúminu sínu en kannski sefur hún í ruggustól. Svo var það Lilla gumman, eða nei, ég skildi það ekki. En svo skildi ég það. Hvað þýðir Lilla gumman? Ég vil bara hlusta á Lilla gumman, það er uppáhaldslagið mitt því það er skemmtilegt.

Hvert er minnst uppáhaldslagið þitt og hvers vegna?

Framorðið. Ég verð þreytt á að hugsa um það, það er bara hundleiðinlegt. Það er ekki skemmtilegast í öllum heiminum.

Hvað finnst þér um lagið Viltu spjalla?

Afi minn er ekki með skalla, hann er með þínu hár að aftan. Mér finnst þetta lag frábært út af því.

Hvað gefurðu henni margar karamellur, frá einni til fimm?

Eina á hvert lag. Ef ég hittu lagið aftur þá gef ég því aftur og þá eru þetta tvær á mann.



Katla og Gauti Einarsbörn

Katla er 9 ára í Melaskóla og hún elskar samverustundir með fjölskyldunni og uppáhaldsmaturinn hennar er frá Noodle Station. Gauti bróðir hennar er líka í Melaskóla, en hann elskar að fá fisk í matinn en borðar ekki Domino's-pitsur.

Hvert er uppáhaldslagið þitt á plötunni?

Katla: Kringlubarnið. Af því að það kemur mér í filing og er bara svo skemmtilegt. Textinn mjög skemmtilegur líka og fyndinn. Hann er bara svo vel gerður.

Gauti: Mér finnst Gefðu mér gaum af því að það er svona mest róandi.

Hvaða lag finnst þér minnst skemmtilegt?

Katla: Lagið sem að Gauta finnst skemmtilegast.

Gauti: Namminef. Það er þínu



barnalegt og endalaust um nammi.

Ef þessi plata væri nammi, hvernig nammi væri hún?

Katla: Hún er svona Haribo Golden Bears.

Gauti: Ég myndi segja M&M. Hvað gefurðu henni margar karamellur, frá einni til fimm?

Katla: Fimm.



Gauti: Fjórar og hálf.



JÓLAHREINGERNINGAR

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um jólahreingerningar kemur út 27. nóvember nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



HÚSASMÍÐJAN

blómaval

Allt klárt fyrir jólin

TAX FREE

**Seríur, jólaljós
og jólavörur**

Gildir föstudag til sunnudags



Frí heimsending á jólaljósum og seríum
í nóvember í vefverslun husa.is

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsgöðu stendur Húsasmíðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

toppur. nettó ICELANDAIR

Lotto

Allir Geta Dansað

Vala Eiríks

HEFST 29. NÓV

Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817



Bjarki og Egill Viðarssynir stofnuðu saman hljómsveitina Andy Svarthol fyrir þremur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýstignir úr dýflissunni

Bræðurnir **Bjarki** og **Egill** mynda saman hljómsveitina Andy Svarthol. Í kvöld halda þeir tónleika á Hressó í tilefni útgáfu sinnar fyrstu

Bræðurnir Egill og Bjarki Viðarssynir mynda hljómsveitina Andy Svarthol. Nafnið á vel við þar sem hljómsveitin varð til í stúdíói í kjallara, eða dýflissunni eins og meðlimirnir tveir kalla hana. Nú í apríl á þessu ári kom út þeirra fyrsta breiðskífa, *Mörur*, á netið en hún kemur út á vinyli dag. Í tilefni útgáfunnar heldur hljómsveitin tónleika í kvöld á skemmtistaðnum Hressó í Austurstræti.

Spila sjaldan
Sagan um tilurð sveitarinnar byrjar heldur bratt.

„Ég dró Bjarka niður í dýflissuna mína. Eða sko, ég er með stúdíó í kjallaranum mínum,“ segir Egill.

„Hann er stóri bróðir minn þannig að hann komst upp með það,“ segir Bjarki, og bræðurnir hlæja.

„Mig langaði bara til að gera eitthvað skemmtilegt með litla bróður mínum. Við byrjuðum á að gefa út eitt lag og því var mjög vel tekið, en við gerum allt sjálfir; spilum á allt, tókum upp og syngjum. Svo vorum við fengnir til að spila á KEXP tónleikum um það leyti sem lagið kom út. Það voru fyrstu tónleikarnir hans Bjarka, hann varð fyrir hálfgerðu áfalli,“ segir Egill.

„Já, það var erfitt. Ljósín í augnum. Við fríkuðum út þannig að við flúðum bara aftur niður í dýflissuna,“ segir Bjarki.

„Við höfum bara verið þar saman síðan, að nostra við að gera þessi lög. Það er samt smá óheilbrigt, því við erum þarna alltaf bara tveir einir saman. Þannig að við dettum stundum inn í okkar þráhyggjuheim,“ segi Egill.

„Skríðum svo upp úr dýflissunni og sjáum sólarljósið. Þess vegna spilum við svona sjaldan,“ segir Bjarki.

FYRST VORUM VIÐ MJÖG VINALEGIR VIÐ MÚSINA, GÁFUM HENNI OST OG BJARKI GAF HENNI NAFN OG ALLT. ÞEGAR Á LEIÐ ÁTTUÐUM VIÐ OKKUR Á ÞVI AD ÞAD VÆRI KANNSKI EKKI GÓÐ HUGMYND.

Egill Viðarsson



„Já, einmitt, við spilum mjög sjaldan og svo þegar við gerum það þá skiljum við ekkert af hverju við erum að því. Við viljum helst bara vera í myrkrinu. Okkur finnst bara best að vera þar, þótt þetta sé ekkert besti staðurinn til eyða tímanum sínum. Við viljum bara semja skemmtileg lög og gera góðar melódiur,“ segir Egill.

Kjallarapopp
En hvernig tónlist spilar Andy Svarthol?

„Ég myndi lýsa þessu sem kjallarapoppi,“ segir Bjarki.

„Við notum mikið af sömplum og slíku til að láta eins við séum stærðarinnar hljómsveit,“ segir Egill.

„Það er einfalt að vera bara tveir en það er mjög erfitt þegar við þurf-

um svo að flytja lögin fyrir framan fólk,“ segir Bjarki.

Tónlistarkonan unga og efnilega gugusar hitar upp fyrir hljómsveitina. Gugusar er listamansnafn Guðlaugar Sóleyjar Höskuldsdóttur, sem hefur vakið verðskuldaða athygli undanfarin misseri.

„Hún er mjög góð. Við veltum eitthvað fyrir okkur hvort við þyrftum að tala við forráðamenn hennar til að fá hana til að spila,“ segir Egill.

„Hún er að gera alveg ótrúlega góða og mjög þroskaða tónlist,“ segir Bjarki.

Bragi Páll Sigurðsson skáld og vinur strákanna les upp úr nýjustu bók sinni, *Austur*.

Sérfræðingur í músagangi

Það stendur ekki til að bæta meðlim við í bili, þótt óboðinn gestur hafi gert vart við sig í dýflissunni undanfarið. Eða verður það mögulega þriðji meðlimurinn?

„Egill er orðinn sérfræðingur í músagangi. Við erum ekki lengur einir í dýflissunni,“ segir Bjarki.


„Fyrst voru við mjög vinalegir við hana, gáfum henni ost og Bjarki gaf henni nafn og allt. Þegar á leið áttuðum við okkur á því að það væri kannski ekki góð hugmynd. Eiginlega bara hræðileg hugmynd,“ segir Egill.

„Þá urðum við stressaðir yfir að hún kæmi kannski með músavini sína,“ segir Bjarki.

„Þá myndum við kannski enda með tuttugu meðlimi í bandinu. En ég veit annars ekkert af hverju við stofnuðum þessa hljómsveit,“ segir Egill.

Svalið forvitninni og sjáið hvort músagangi úr dýflissunni stigi á svið með strákunum í Andy Svarthol í kvöld á Hressó klukkan 21.00. Miðar fást á tix.is.

steingerdur@frettabladid.is



BOOSTER

ENDALOUS ÁNÆGJA



1.299 kr.

Booster borgari með tómatsósu, sinnepi, osti og súrum gùrkum.

Booster borgari, franskar, gos, 3 Hot Wings og Conga Xtra.

1.999 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is

Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Þórarins
Þórarinssonar



Lakkrísváin

Læknir: Þú ert lakkrisfíkill. Ég: Nei, nei. Ekkert fíkill... Ég er samt með hann á náttborðinu mínu. Læknir: Lakkrisfíkill.

Allt í heimi hér er einhver veginn öfugsnuíð þannig að lífið er langdregin þversögn þar sem ekkert meikar sens nema auðvitað andverðleikasamfélagið sem hvílir á kviksyndi vitleysunnar.

Auðvitað er vandlífað í ranghverfum heimi þar sem samherjar eru í raun andstæðingar, þróunarstöð er arðrán, græðgi er dyggð og allt sem er gott er í raun vont. Mjög vont. Banvænt jafnvel.

Samkvæmt Íslenskri orðabók er lakkris karlkynsorð, enn ein staðfesting þess að karlmennska er eitruð, auk þess er hann sagður „sælgæti, svart og seigt, oft í lengjum, búið til úr lakkrisrót“.

Óhagganleg staðreynd, eins og sú að lakkris er bæði besta nammið og það versta, er hins vegar látin liggja milli hluta. Ég veit að hann er bestur vegna þess að mér finnst að 99,2% allra lakkrisvísindamanna í heimi hafi komist að þessari augljósu niðurstöðu. Mín skoðun, mín staðreynd.

En í guðsvolaðri veröld rökleysunnar er lakkrisinn að sjálfsögðu líka verstur. Svo agalega vondur að eftir að ég hætti að brúka áfengi og tóbak er hann hættulegasta fíkniefni mitt og keyrir blóðþrýstinginn upp að hættumörkum heilablóðfalls og skyndidaða.

Læknavísindin, sem ég kys að trúna vegna þess að ég er þrátt fyrir allt ekki tótal ídjót, gefa mér tvo slæma kosti: Hætta í lakkrisnum eða taka sénsinn á óvæntum dauða. Jafnvel einhverju verra.

Ef þú liggur í því að vera eða ekki vera fáviti þegar maður þarf að halla sér annaðhvort að kaldhómruðum staðreyndum, meiri lífsgæðum og auknum lífslíkum eða þjóna fíkninni í krafti sér-gæsku og tímabundinnar sælu.

25 ÁRA AFMÆLISDÝNA BETRA BAKS

Sinfonia

HÖFUM LAGT GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI Í

25 ÁR



SERTA SINFONIA VÖNDUÐ Á JÓLAVERÐI

STÆRD	FULLT VERÐ STÖK DÝNA	JÓLAVERÐ MEÐ COMFORT BOTNI OG FÓTUM
120x200 cm	89.900 kr.	127.900 kr.
140x200 cm	99.900 kr.	139.900 kr.
160x200 cm	109.000 kr.	159.900 kr.
180x200 cm	119.000 kr.	179.900 kr.
180x210 cm	129.900 kr.	199.900 kr.
192x203 cm	134.900 kr.	203.900 kr.



STÆRSTI DÝNU-
FRAMLEIÐANDI
VERALDAR

Sinfonia

Í tilefni 25 ÁRA AFMÆLIS BETRA BAKS höfum við í náinni samvinnu við sérfræðinga SERTA, stærsta dýnuframleiðanda veraldar, sérhannað og framleitt Sinfoniu, einstaka heilsudýnu fyrir viðskiptavinum sem kjósa gæði og gott verð.

SINFONIA er einstaklega þægileg dýna með 7 hægindalögum. Lögin eru samsett úr hágæða svampi og lagi úr náttúrulegu Talalay-latexi sem saman gefa mýkt og stuðning á réttum svæðum. Sinfonia er með

5 svæðaskiptu pokagormakerfi og stýrirt hreyfing gormanna af mismunandi þunga líkamssvæða. Þannig veitir dýnan alltaf hárréttan stuðning. Gormakerfið er mýkra á axlasvæðum og við mjóbak til að halda

réttri sveigju á líkamanum alla nóttina. Steyptar kantstyrkingar gefa þér um 25% meira svefnrými og eykur það endingu dýnunnar. Áklæðið utan um dýnuna er úr 100% bómull og andar einstaklega vel.

LÚXUS BAÐSLOPPAR – TILVALIN JÓLAGJÖF



BAÐSLOPPAR – VERÐ FRÁ: 16.900 KR.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra
BAK

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO



Íslenskar
væðdar vörur

Lin
DESIGN

SMÁRATÖRGI KRINGLAN GLERÁRTÖRGI